

# Endurheimtin

## Sameining Norður-Slésvíkur við Danmörku 1920

Kristján Sveinsson

### Inngangur

Skömmu fyrir páska 2020 var greint frá því í dönskum fjölmiðlum að verulegar hömlur yrðu lagðar á fjöldasamkomur þar í landi á komandi sumri.<sup>1</sup> Ráðstöfununum var ætlað að hamla gegn útbreiðslu COVID-19-farsóttarinnar sem herjaði á Dani eins og aðrar þjóðir heimsins. Þessi ákvörðun danskra stjórnvalda leiddi til þess að aflýst var miklum hátíðahöldum sem áformuð voru á Suður-Jótlendi dagana 9. til 12. júlí til að minnast aldarafmælis sameiningar þess svæðis, sem ýmist var nefnt Suður-Jóttland eða Norður-Slésvík, við Danmörku.

Það var 10. júlí 1920 sem Kristján X. Danakonungur reið hvítum hesti yfir gömlu landamærin milli Danmerkur og Slésvíkur, skammt norðan bæjarins Christiansfeld.<sup>2</sup> Innreið konungs var táknað staðfesting þess að landsvæði með um 160.000 íbúum, sem Danir nefndu Suður-Jóttland en Þjóðverjar Norður-Slésvík, væri orðið hluti Danmerkur. Danir kalla þennan atburð jafnan *genforeningen* — endursameininguna — og líta svo á að Suður-Jóttland hafi verið erkidanskt áður en Danir biðu ósigur í síðara Slésvíkurstríðinu árið 1864 og hertogadæmin Lauenborg, Holtsetaland og Slésvík lentu undir yfirráðum Prússa og Austurríkismanna. Vissulega voru dönsk áhrif afgerandi á Suður-Jótlendi fyrir sameininguna við Danmörku og þegar fram fór þjóðaratkvæðagreiðsla um landamæri Þýskalands og Danmerkur árið 1920 kom í ljós að mikill meiri hluti íbúa Norður-Slésvíkur vildi fremur tilheyra Danmörku en Þýskalandi. Á hitt er einnig að líta að hertogadæmið Slésvík hafði frá því á miðöldum verið sérstakt stjórnsýslu- og menningarsvæði. Þeirri sérstöðu lauk með innlimun hertogadæmisins í Prússland árið 1867 og er það var hlutað í sundur og skipt milli Danmerkur og Þýskalands árið 1920 lauk aldangri sögu Slésvíkur.<sup>3</sup>

Að margra mati er sameining Suður-Jóttlands og Danmerkur meðal mikilvægustu atburða í sögu Dana og víst er um að við hana tók danska ríkið á sig þá mynd sem það hefur enn með tilliti til landamæra og þjóðernis íbúanna. Danmörk varð þjóðríki, allur þorri danskra ríkisborgara hefur frá sameiningunni verið Danir og búið innan dönsku landamæranna, sem ekki hafa breyst síðan 10. júlí 1920, og einu borgarar ríkisins sem ekki eru Danir eru eyþjóðirnar fámennu, Færeyingar og Grænlandingar, sem eiga í ríkjasambandi (d. *rigsfællesskab*) við Danmörku.<sup>4</sup>

Framvinda mála í hertogadæmunum og stefna danskra stjórnvalda gagnvart þeim hafði einkum óbein áhrif á gang mála í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Þróunin sem leiddi til sameiningar Suður-Jóttlands og Danmerkur átti þátt í því hversu greiðlega gekk að leysa úr hinni langvinnu deilu um samband Íslands og Danmerkur árið 1918 og koma á nýrri skipan.<sup>5</sup> Fullveldi Íslands árið 1918 og sameining Suður-Jóttlands og Danmerkur tveimur árum síðar voru birtingarmynd þjóðríkisstefnu og lýðræðis. Í báðum tilvikum var stefnt að stofnun þjóðríkis og haldnar voru þjóðaratkvæðagreiðslur til að leiða vilja íbúanna í ljós. Þjóðaratkvæðagreiðsla var einnig beitt til að komast að niðurstöðu um legu landamæranna milli Þýskalands og Danmerkur og fór hún fram í tvennu lagi snemma árs 1920.

Kenningin um að almannavilji skuli ráða landamærum ríkja á þeim svæðum þar sem tengsl borgaranna við fleiri en eitt ríki koma til greina er hluti hinnar pólitísku hugmyndafræði um fullveldisrétt þjóða og uppruna valdsins meðal almennings sem mótaðist á tímum stjórnarbyltingarinnar miklu í Frakklandi. Á 19. öld voru úrslit styrjalda langtum oftár látin ráða landamærum og ríkisfangi en niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu þegar þjóðríki Evrópu voru að taka á sig mynd. Þó var almenningi gefinn kostur á að greiða atkvæði á sumum stigum sameiningar Ítalíu í þjóðríki og aðferðinni var einnig beitt í Frakklandi í litlum mæli. Framkvæmd fyrrnefndra atkvæðagreiðslna þótti ekki hafin yfir grun um misbeitingu og sviksamlegt athæfi sem varð til þess að draga um nokkurt skeið úr tiltrú á aðferðinni.

Nýr kafli í beitingu þjóðaratkvæðagreiðslna um landamæri og ríkisfang hófst þegar norskir karlar — konur höfðu enn ekki hlotið almennan kosningarrétt — greiddu atkvæði árið 1905 um slit sambandsins við Svíþjóð og 99,95% þeirra sem tóku þátt voru fylgjandi sambandsslitunum.<sup>6</sup> Enda þótt úrslitin væru svo afgerandi komu ekki fram ásakanir um að brögðum hefði verið beitt og framkvæmdin þótti sýna að þjóðaratkvæðagreiðslur gætu verið ákjósanleg leið til að kalla fram þjóðarviljann ef vel væri að þeim staðið. Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu voru sett í stjórn lög Danmerkur árið 1915 og fyrsta þjóðaratkvæðagreiðsla þar í landi fór fram 14. desember 1916 þegar danskir kjósendur greiddu atkvæði um það hvort staðfesta bæri samkomulag við Bandaríkin, sem gert hafði verið þá um sumarið, um sölu á nýlendum Dana í Vesturheimi, eyjunum Sankt Croix, Sankt Jan og Sankt Thomas í Karíbahafi. Voru þetta jafnframt fyrstu kosningarnar á landsvísu sem konur gátu tekið þátt í, en jafn kosningarréttur kvenna og karla hafði verið leiddur í lög í Danmörku með hinni nýju stjórnarskrá frá 1915.<sup>7</sup>

## Margbrotin saga hertogadæmanna

Saga hertogadæmanna sem fram til 1864 voru innan Danaveldis, eða nátengd því, er löng og margbrotin og framvinda hennar hafði á ýmsum tímum mikil áhrif á danska ríkið.

Hertogadæmin áttu misjafnlega langa samleið með Danmörku. Slésvík og Holtsetaland voru lén Danakonungs frá miðöldum en minnsta og fámennasta hertogadæmið, Lauenburg<sup>8</sup>, kom í hlut Dana eftir friðargerðina í Kiel árið 1814<sup>9</sup> þar sem Napóleonsstýrjaldirnar<sup>10</sup> voru gerðar upp og Noregur var tekinn undan Danmörku að kröfu Svía. Gerðist þetta með þeim hætti að skipt var á hertogadæminu og lénum Svía í Pommern og á Rügen árið 1815. Hertogadæmið Lauenburg og Danakonungar áttu því skamma samleið.

Öðru máli gegndi um Slésvík og Holsten. Slésvík var byggð Dönnum á armiöldum. Mikill varnargarður, Danavirki<sup>11</sup> (d. *Dannevirke*, þ. *Danewerk*), liggur frá Schlei-firði (d. *Slien*) yfir að ánni Treene (d. *Trenen*). Í heild er varnargarðurinn um 30 km að lengd og hann er umfangsmesta mannvirki sem þekkt er frá víkingatíma á Norðurlöndum. Talið er að elsta gerð hans sé frá 6. öld en hann var við lýði fram á 12. öld og tók ýmsum breytingum á langri ævi sinni. Danavirki, sem nú er í Suður-Slésvík, markaði að flestra dómi suðurlandamæri hinnar fornu Danmerkur en skammt norðan hans, við botn Schlei-fjarðar og rétt utan núverandi Slésvíkurborgar var Heiðabýr<sup>12</sup> (d. *Hedeby*, þ. *Haithabu*), mikill verslunarstaður á víkingatíð og þegar íbúar voru þar flestir, allt að 2.000 talsins, var hvergi að finna fjölmennari víkingabæ. Hefur Danavirki að líkindum verið mikilvæg vörn fyrir verslunarstaðinn og ætlandi að það hafi ekki síst verið honum til verndar sem þetta mikla virki var endurbyggt og aukið hvað eftir annað fram um 1150.

Lénskipulagið þróaðist þannig í Slésvík og Holtsetalandi að bæði urðu að endingu sérstök hertogadæmi, Slésvík árið 1232 en Holtsetaland 1474. Hertogadæmin urðu lén Danakonungs með þeim hætti að þegar ríkjandi hertogi sálaðist árið 1459 án þess að tiltækur væri erfingi sem tæki við hlutverki hans komu aðalsmenn í Slésvík og Holtsetalandi sér saman um að bjóða Kristjáni I. (1426–1481) Danakonungi af Aldinborgarætt að gerast lénsheerra. Konungur þekktist boðið og varð þar með fyrstur Danakonunga til að ríkja þar um slóðir.<sup>13</sup> Boði aðalsins fylgdu m.a. þeir skilmálar, sem konungur handsalaði í Rípum (d. *Ribe*, þ. *Ripen*) árið 1460<sup>14</sup> að aldrei mætti aðskilja lénin tvö og Rípaþréfið staðfesti einnig að hertogadæmin væru ekki hluti konungsríkisins Danmerkur heldur í léns sambandi við það. Enda þótt skilmálar aðalsins og Kristjáns I. væru handsalaðir við hann einan og féllu úr gildi við lát hans vísuðu þeir veginn til framtíðar hvað það snerti að aðall hertogadæmanna lagðist jafnan gegn öllum tilraunum Danakonunga til að tengja Slésvík við Danmörku enda hefði það gengið í berhögg við hagsmuni aðalsmanna sem áttu lén og eignir í báðum hertogadæmunum og þótti hentast að völd og ítök Danakonungs sættu þar takmörkunum.

Stjórnskipuleg staða hertogadæmanna var ávallt ólík þótt bæði væru þau lén Danakonungs. Hertogadæmið Holtsetaland var einnig hluti Heilaga rómverska ríkisins, sem var samband fjölmargra ólíkra og misstórra ríkja og borgríkja í Vestur- og Mið-Evrópu sem lutu eigin stjórn en voru í léns sambandi við keisara sem talinn var arftaki hinna fornu Rómarskeisara.<sup>15</sup> Tilvist Heilaga rómverska ríkisins lauk 1806 eftir að herir Napóleons Bonaparte höfðu betur í orrustunni við Austerlitz<sup>16</sup> og í kjölfar friðargerðarinnar í Vínarborg árið 1815 var Þýska sambandið (þ. *Deutscher Bund*)<sup>17</sup> stofnað. Holtsetaland var frá upphafi aðili þessa laustengda bandalags ríkja og sjálfstjórnarsvæða á þýsku málsvæði sem var við lýði til 1866 en áhrifalítið eftir byltingarnar 1848. Bein ítök þess í stjórn hertogadæmisins voru óveruleg en langvinn og viðvarandi tengsl Holtsetalands við önnur þýsk svæði gerðu að verkum að þýsk tunga og menning var þar ávallt í fyrirrúmi.

Völd og áhrif aðalsins voru jafnan mikil í hertogadæmunum og einveldi konungs, sem innleitt var í Danmörku árið 1660 beinlínis til að skerða völd aðalsins, hafði minni áhrif í Holtsetalandi og Slésvík heldur en í

Danmörku. Hagkerfi hertogadæmanna grundvallaðist á fornum landbúnaðarháttum þar sem áttahagafjötrum og kvöðum var óspart beitt. Búgörðum og lendum aðalsættanna var smám saman skipt niður samkvæmt erfðareglum þeirra og urðu völd og áhrif einstakra ætta og aðalsmanna minni eftir því sem lengra var gengið í þessa átt. Efnahagslegt og pólitískt skipulag í hertogadæmunum stuðlaði þannig að því að viðhalda þar lénsveldi Danakonungs með einni mikilvægri undantekningu. Frændalið Danakonungs af Aldinborgarætt sem sat í Gottorphöll<sup>18</sup> skammt utan Slésvíkurborgar, og átti miklar eignir í báðum hertogadæmunum, hamlaði jafnan gegn yfirráðum hans og tókst að slíta sig undan þeim með bandalagi við Svía en árið 1721, við lok Norðurlandaófriðarins mikla,<sup>19</sup> náði Danakonungur á ný undirtökunum í Gottorp sem varð upp frá því helsta vígi hans í hertogadæmunum.

Átökum Danakonunga og fursta í Gottorp um yfirráð í Slésvík og Holtsetalandi lauk þó ekki að sinni og varð það ekki fyrr en með samkomulagi við Rússakeisara sem gert var 1773. Pétur III. Rússakeisari<sup>20</sup> var sonur hertogans af Gottorp og dóttur Péturs mikla Rússakeisara. Það átti fyrir þessum þýska prins, sem upphaflega hét Karl Peter Ulrich von Schleswig-Holstein-Gottorf, að liggja að setjast á veldisstól í Rússlandi árið 1762 og tók hann þá þegar að gera kröfur til valda í Slésvík og Holtsetalandi og hugðist stugga Danakonungi á brott. Nú vildi það Danakonungi til að valdaskeið Péturs III. varð stutt, hann sálaðist eftir aðeins rúmt hálft ár á keisarastóli og kona hans, Katrín II., sem oftast er nefnd Katrín mikla<sup>21</sup>, tók við ríkisstjórn. Hún hafði alls engan áhuga á völdum eða yfirráðum í Gottorp og því tókst samkomulag milli Rússlands og Danmerkur árið 1773 sem fól það í sér að keisaraynjan viðurkenndi og studdi veldi Danakonungs í hertogadæmunum gegn því að Rússland fengi yfirráð yfir greifadæmunum Delmenhorst og Aldinborg (þ. *Oldenburg*) sem höfðu verið lén Danakonungs.

Stefna danskra stjórnvalda í stórstyrjöldum 18. aldarinnar hafði jafnan falist í hlutleysi enda þótti hlutleysisstefnan falla best að hagsmunum Dana sem fólust öðru frammar í verslun og viðskiptum við hinar stríðandi þjóðir. Árið 1780 kom Katrín mikla því til leiðar að gerður var samningur um gagnkvæmt hlutleysi milli Rússlands og dansk-norska ríkisins sem fleiri Evrópuríki urðu síðan aðilar að.<sup>22</sup> Samkomulagið var dönskum stjórnvöldum fremur nauðugt en gengið var að því til að eiga ekki á hættu að Rússar, sem orðnir voru valdamiklir á Norðurlöndum eftir ósigur Svía í Norðurlandaófriðnum mikla, gerðu atlögu að því að hirða Noreg af Dönum. Samningurinn við Rússa styrkti og staðfesti völd Danakonungs í hertogadæmunum og til varð hugtakið alríkið<sup>23</sup> (d. *helstat*, þ. *Gesamtstaat*) um stærstu hluta danska ríkisins. Upp úr þessu fóru dönsk stjórnarmál að snúast um það í æ ríkari mæli að hindra sundrunu þessa alríkis, sem sífellt var þó yfirvofandi.

## Alríkið og alríkisstefnan

Alríkið sem til varð á síðustu áratugum 18. aldar var valdað af varnar- og hlutleysissamningi við Rússa eins og lýst var að framan. Miðpunktur ríkisins var einvaldskonungurinn og valdasetur hans í Kaupmannahöfn. Hlutar alríkisins voru, auk Danmerkur, Ísland, Færeyjar, Grænland, Noregur, hertogadæmin Slésvík og Holtsetaland ásamt nýlendum í Vestur-Índíum, á Indlandi og í Afríku. Danmörk, Noregur og hertogadæmin mynduðu þungamiðju þessa fjölþjóðlega ríkis og raunar voru nýlendir og hjálendur Dana sjaldnast taldar með alríkinu heldur lítið svo á að þær væru fylgilönd þess.

Uppbrot alríkisins hófst þegar árið 1814 með því að Svíar fengu því framgengt við friðarsamningagerð í Kiel í ársbyrjun að Noregur yrði tekinn undan dönskum yfirráðum og settur undir sænskan þjóðhöfðingja. Svíar höfðu hertekið Slésvík og Holtsetaland í árslok 1813 og þar sem Danir höfðu verið á bandi Napóleons keisara, sem nú var sigraður en átti enn eftir að verða gersigraður við Waterloo sumarið 1815, urðu þeir að láta undan kröfum Svía og leiðtoga þeirra, Karls Jóhanns,<sup>24</sup> verðandi konungs Svíþjóðar og Noregs, sem áður hafði heitið Bernadotte greifi og verið liðsmaður Napóleons keisara, en leiddi her Norður-Evrópumanna gegn fyrrverandi bandamanni sínum á síðustu styrjaldarárunum. Niðurstaða friðargerðarinnar í Kiel þjónaði vel því markmiði Karls Jóhanns að bæta Svíum skráveifuna sem ríki þeirra varð fyrir árið 1809 þegar Rússakeisari hertók Finnland og Álandseyjar sem höfðu verið á sænsku yfirráðasvæði í sex aldir og tryggði frammistaðan honum sess á konungsstóli í Svíþjóð og Noregi fáeinum árum síðar.

Niðurstaða friðarráðstefnunnar í Vínarborg á árunum 1814–1815 varð að Danmörk skyldi halda hertogadæmunum. Var því haldið á lofti meðal Dana að þessi niðurstaða hefði fengist vegna snilldar og leikni Friðriks VI. við samningaborðið, en konungur sótti sjálfur ráðstefnuna. Þetta var fjarri lagi og einbert skrum sem átti að bæta ímynd konungs en hann var harla óvinsæll meðal þegna sinna um þessar mundir eftir ófarir Danmerkur í stríðinu og vegna yfirstandandi fjárhagsvandræða sem af þeim leiddi. Sönnu nær var að stórveldi Evrópu töldu það ekki þjóna hagsmunum sínum að breyta stöðu hertogadæmanna þar sem það myndi ógna hinu

viðkvæma valdajafnvægi í álfunni. Danakonungur varð þó að setta sig við að Holtsetaland gengi í Þýska sambandið og þurfti enn fremur að gefa loforð um að efnt yrði til stéttþings í hertogadæminu sem hann raunar kom sér hjá að efna lengi vel.

Napóleonsstýrjaldirnar og eftirmál þeirra urðu til þess að tefja um sinn breytingar á stjórnarháttum í Evrópu sem stjórnarbyltingin mikla sem hófst í Frakklandi árið 1789 hafði hrundið af stað. Hugmyndirnar um frelsi, jafnrétti og bræðralag, sem höfðu glætt elda byltingarinnar, voru þó enn lifandi í hugum margra, stórir hópar voru án nokkurra áhrifa á stjórn ríkja og samfélaga og þeim fjölgaði sífellt sem undu þessu illa og hugðu á breytingar.

Í júlí 1830 gerðu stúdentar, verkafólk og smáborgarar í París uppreisn og hröktu konunginn frá völdum. Stjórnarbylting var hafin á ný og á næstu mánuðum breiddist hún út til nálægra landa þar sem uppreist gegn valdhöfum ýmist tókst eða misheppnaðist. Í veldi Danakonungs bar ekki á byltingartilburðum. Einvaldskonungurinn hafði styrkt ríkisráð sitt, dregið úr áhrifum aðalsmanna og kröfur til embættismanna og embættisfærslu þeirra höfðu verið auknar samfara ýmsum félagslegum umbótum. Danir virtust allsáttir við sitt upplýsta einveldi um 1830 en það átti ekki við um hina Þýskumælandi íbúa hertogadæmisins Holtsetalands. Þar var loforð konungs frá 1815 um stéttþing nú óspart hermt upp á hann með stuðningi Þýska sambandsins. Einnig voru settar fram í rituðu máli hugmyndir um að boðað yrði til stjórnlagabings fyrir hertogadæmin Slésvík og Holtsetaland og þeim sett stjórnarskrá. Ættu hertogadæmin að lúta eigin stjórn með aðsetur í Kiel og vera framvegis aðeins í konungssambandi við Danmörku. Þessar róttæku hugmyndir komu fyrir almannaþingi í litlum bæklingi sem holsteinskur lögfræðingur, Uwe Jens Lornsen<sup>25</sup> (1793–1838), samdi og lét prenta í Kiel haustið 1830. Efni ritsins vakti athygli margra, einkum í Holtsetalandi, og áskoranir dundu á stjórnvöldum í Kaupmannahöfn um að gera breytingar á stjórn hertogadæmanna. Að því kom að konungur gat ekki vikist lengur undan fyrirheiti sínu um stofnun stéttþings í Holtsetalandi og þar sem það var einn meginþátta alríkisstefnunnar að beita sömu stjórnarháttum hvarvetna í alríkinu tóku fjögur ráðgefandi stéttþing til starfa sumarið 1834; í Itzehoe, Slésvíkurborg, Viborg og Hróarskeldu.<sup>26</sup>

Einungis karlar sem áttu fasteignir — jarðeigendur og húseigendur í borgum og bæjum — gátu tekið sæti á stéttþingunum og því urðu stórir hópar, sem töldu sig eiga þangað fullt erindi, útilokaðir frá þeim, svo sem menntamenn af ýmsu tagi, og kunnu þeir því illa. Stéttþingin hlutu bæði lof og last en þótt stjórnvöld ætluðu þeim einungis að fjalla um mál sem þau lögðu fyrir varð raunin sú að ýmis önnur mál komu þar til umfjöllunar að frumkvæði þingmanna. Gildi stéttþinganna fyrir þjóðmálaumræðu og framvindu stjórnmalanna á tímum einveldis og ritskoðunar var því ótvírætt.

Áhrifa júlíbyltingarinnar gætti talsvert í Þýska sambandinu. Stjórnarskrár sem veittu landsmönnum nokkru meiri áhrif á stjórnarferið voru settar í Þýsku ríkjunum Kurhessen, Saxlandi, Hannover og Braunschweig og margs konar pólitísk gerjun átti sér stað sem beindist gegn erfðaveldi fursta og konunga. Hugmyndir um mikilvægi þjóðernis og þjóðlegrar menningar nutu vaxandi fylgis og útbreiðslu í Norður-Evrópu og þótt einvaldsstjórnir héldu uppi ritskoðun og miklar takmarkanir væru á félag- og fundafrelsi tókst þeim ekki með öllu að hindra skoðanamyndun og skoðanaskipti. Íbúar hertogadæmanna fylgdust margir vel með framvindunni innan Þýska sambandsins og tileinkuðu sér hina nýju strauða.

Undir lok 4. áratugar 19. aldarinnar var svo komið að margir Danir biðu þess með allnokkurri óþreyju að einvaldskonungur þeirra, Friðrik VI., hyrfi af heimi. Gerðu þeir sem vildu binda enda á einræðisfyrirkomulagið sér vonir um að ríkisarfinn yrði hliðhollur sjónarmiðum þeirra og byggðust þær væntingar á því að þegar hann var, skamma hríð, konungur yfir Noregi árið 1814 staðfesti Kristján VIII. hina svokölluðu Eiðsvalla-stjórnarskrá<sup>27</sup> sem þá var hin frjálslyndasta í Evrópu.

Friðrik VI. brást ekki vonum þeirra sem vildu hann feigan. Konungur lést í desember 1839 og áskoranir um ný og frjálslegri stjórn lög tóku þegar að streyma til sonar hans og arftaka. Viðbrögð Kristjáns VIII. urðu hins vegar á annan veg en frjálslyndir Danir höfðu vænst og tók hann hvorki í mál að afnema einveldið né koma á prentfrelsi svo að nefnd séu dæmi um stjórnarfarsbreytingar sem margir Danir voru áfram um að yrðu gerðar.

Kristján VIII. var eindreginn fylgismaður alríkisstefnunnar. Skömmu eftir að hann komst til valda lét hann undan kröfum um að styrkja stöðu dönsku í Norður-Slésvík og lét gefa út tilskipun um að danska yrði notuð innan réttarkerfisins á þeim svæðum þar sem hún var skóla- og kirkjumál. Þýsksinnaðir Slésvíkingar tálkuðu fyrirmælin sem viðleitni til að styrkja tengslin milli hertogadæmisins og Danmerkur og meiri hluti þingmanna á stéttþinginu í Slésvík tók þessi afskipti konungsins af málefnum hertogadæmisins illa upp. Næstu ár sat hann á sér hvað allt slíkt snerti enda mjög í mun að halda óbreyttu ástandi í hertogadæmunum.

Íhaldssemi Kristjáns VIII. olli frjálsslyndum Dönnum miklum vonbrigðum. Í þeim hópi höfðu til þessa einkum verið þéttbýlisbúar — borgarar og menntamenn — en Orla Lehmann,<sup>28</sup> einn helsti leiðtogi frjálsslyndra, gerði sér ljóst að ætti frjálsslyndisstefnan að hafa betur væri nauðsynlegt að fá sem flesta bændur á hennar band enda voru þeir fjölmennir í ríkinu og gátu haft veruleg pólitísk áhrif.

Þjóðernisstefna hafði fest rætur í Danmörku um 1840 eins og víða annars staðar í Evrópu og einnig í hertogadæmunum. Hið þjóðlega var nú talið merkilegt og dýrmætt. Menning og þjóðhættir alþýðufólks nutu meiri athygli en áður hafði verið, þjóðtungur voru ekki lengur aðeins samskiptaleið almennings heldur og tákn um tengsl við sameiginlegan menningarheim. Danskir þjóðernishyggjumenn litu svo á að Dönnum bæri að tala dönsku, ekki þýsku, og að þýskir hættir væru ekki boðlegir Dönnum. Hin mikla áhersla þjóðernisstefunnar á tungumál, þjóðhætti og þjóðlega sjálfsmynd var frá upphafi líkleg til að valda togstreitu í hertogadæmunum þar sem danskir og þýskir menningarheimar mættust og augljóst var að þjóðernisstefnan og alríkisstefnan væru öndverðar hvor annarri.

Orla Lehmann og aðrir forystumenn frjálsslyndra vildu freista þess að sameina frjálsslynda og þjóðernishyggjumenn í eina hreyfingu enda ætti hún alla möguleika á að verða afgerandi áhrifavaldur í dönskum stjórnámálum. Í maílok 1842 gafst tækifæri til að mynda slíkt afl og var það notað til fulls. Lehmann hafði þá nýlokið afplánun þriggja mánaða fangavistar fyrir hatursáróður gegn stjórnlögum ríkisins. Höfðu dómurinn og fangavistin aflað honum mikillar samúðar og vinsælda, einkum í Kaupmannahöfn en einnig víðar um landið. Lehmann var hylltur af mannfjölda 28. maí á árlegri fagnaðarhátíð sem haldin var í Kaupmannahöfn vegna útgáfu stéttáþingstilskipunarinnar frá 1831, og í ræðu hans þar<sup>29</sup> kynnti hann nýja stjórnmalastefnu — frjálsslynda þjóðernishyggju<sup>30</sup> (d. *nationalliberalisme*) — fyrir viðstöddum. Þessi hugmyndafræði var ekki bundin Danmörku einni heldur gætti hennar mjög á mörgum þeirra svæða í Evrópu sem tilheyrðu fjölþjóðlegum stórríkjum og það gerði raunar stærstur hluti álfunnar. Hin danska útgáfa frjálsslyndrar þjóðernishyggju snerist að afar miklu leyti um hertogadæmin, einkum Slésvík. Slagorðið *Danmörk allt til Egðu* (d. *Danmark til Ejderen*) varð táknrænt fyrir hina svonefndu Egðustefnu<sup>31</sup> (d. *Ejderpolitik*) sem fól í sér kröfu um að öll Slésvík, allt suður að fljótinu Egðu (d. *Ejderen*, þ. *Eider*) sem skiptir löndum á milli Slésvíkur og Holtsetalands, yrði sameinuð Danmörku, enda væri Slésvík danskt svæði en þýsku hertogadæmin, Holtsetaland og Lauenburg, yrðu skilin frá ríkinu. Það einkenndi einnig hina frjálsslynda þjóðernishreyfingu þessara ára að forysta hennar skírskotaði til bænda og tengdist þeim öflum sem unnu að því að bæta stöðu og kjör hinar fjölmennu bændastéttar.<sup>32</sup> Á næstu árum gerðu forvígismenn Egðustefunnar allt hvað þeir gátu til að fylkja þjóðernisfrjálsslyndum og bændum saman um hana og varð allvel ágengt.

## Slésvíkurstríðin

Tengsl danska konungsríkisins og hertogadæmanna byggðust að nokkru á erfðarétti til léna í hertogadæmunum og ráðstöfun slíks réttar gat orðið afgerandi fyrir stjórnmaláþróun þar, ekki síst sökum þess að furstar í öðrum ríkjum áttu þar einnig erfða að gæta og væru þeir nægilega valdamiklir varð að tryggja stuðning þeirra við ráðstöfun þeirrar valdastöðu sem erfðarétturinn skapaði.

Friðrik, krónprins Dana, er síðar varð Friðrik VII. konungur<sup>33</sup>, átti ekki afkomendur. Með honum dó út karlleggur þeirrar greinar dönsku konungsættarinnar sem kennd var við Aldinborg (Oldenburg)<sup>34</sup> í Norður-Þýskalandi og ljóst var að einstaklingur af einhverri hliðargrein konungsættarinnar kæmist á konungsstól í Danmörku er Friðrik VII. væri allur. Ekki var einboðið hver hreppti það hnoss. Sökum gagnkvæmra áhrifa danska konungsríkisins og hertogadæmanna var þó harla líklegt að næsti Danakonungur yrði fursti úr hertogadæmunum, þar var gnótt þeirra að finna sem margir tengdust traustum böndum við ættir konunga og keisara í álfunni. Í Danmörku litu hirðmenn og embættismenn svo á að ríkiserfðir gengju jafnt í karllegg og kvenlegg — þó ávallt til elsta sonar eftir flóknum reglum — en í hertogadæmunum gengu ríkiserfðir einungis í karllegg. Hertoginn af Augustenborg, Christian August, tilheyrði einni grein Aldinborgarættarinnar og var auk þess mágur Danakonungs. Hann lagði mikinn hug á að hljóta viðurkenningu sem hertogi yfir báðum hertogadæmunum og naut allnokkurs stuðnings við þau áform sín meðal þeirra sem sáu í þessu möguleika á að losa um tengslin við Danmörku. Á hinn bóginn var mikil andstaða við fyrirætlanir hertogans meðal þjóðernisfrjálsslyndra í Danmörku. Stéttáþingið í Hróarskeldu fór þess á leit við Kristján VIII. Danakonung árið 1844 að hann lýsti því yfir að ríkiserfðir í Slésvík gengju einnig í kvenlegg. Þetta kallaði fram yfirlýsingu á stéttáþingi Holtsetalands um að Slésvík og Holtsetaland væru nátengd og þar gengju ríkiserfðir einungis í karllegg. Konungur gaf að lokum út opið bréf um erfðamálin sumarið 1846 þar sem því var slegið föstu að í

Slésvík væri erfðaréttur jafn í kvenlegg og karlegg en í Holtsetalandi einungis í karlegg. Ákvörðun konungs fól það í sér að Slésvík og Danmörk yrðu framvegis sem hingað til undir sama konung sett og hún gerði út af við vonir hertogans um að ríkja sem hertogi yfir báðum hertogadæmunum — og jafnvel að slíta þau úr tengslum við danska konungsríkið. Niðurstaðan olli einnig mörgum ráðamönnum í hertogadæmunum vonbrigðum og varð tilefni gremju og andmæla meðal þýksinnaðra íbúa hertogadæmanna sem töldu ákvörðunina til marks um yfirgang af hálfu Danakonungs og þess varð ekki ýkja langt að bíða að hún reyndist afdrifarík.

Stjórnarbyltingin sem hófst í París 24. febrúar 1848 leiddi til uppreisna gegn valdhöfum víða um Evrópu. Margt hafði breyst á þeim 18 árum sem liðin voru frá júlíbyltingunni 1830. Iðnvæðing var komin á rekspól, ekki síst í Þýskalandi, gufuskip sigldu um höfin með sóttsvarta eimyrjuna í strók upp úr reykháfum sínum, drjúgum hraðar en seglskipin höfðu megnað, sums staðar höfðu járnbrautir komið í stað hestvagna og tengdu saman fjarlæg byggðarlög og víða í álfunni hafði orðið umtalsverð fólksfjölgun. Stjórnarfar hafði hins vegar lítið breyst frá 1830 og margvísleg samfélagsleg spenna sem breytingar á framleiðslu- og samskiptaháttum höfðu valdið fékk ekki útrás á vettvangi stjórnmálanna þar sem reynt var að aftra öllum stjórnkerfisbreytingum í lýðræðisátt.

Í Danmörku hafði andstaða við einveldisstjórnarfarir vaxið undanfarin ár; háværar raddir kröfðust nýrra stjórnлага og kosningarréttar — misjafnlega viðtæks eftir því hvaðan kröfurnar bárust — og síaukin áhersla á þjóðerni sem grundvallaratriði varðandi tengsl ríkisvalds og borgara hafði orðið til þess að málefni hertogadæmanna voru einlægt í brennidepli.

Kristján VIII. Danakonungur andaðist í janúar 1848, stuttu áður en byltingaraldan skall á ríki hans. Meðal þess sem konungur eftirlét syni sínum og arftaka, Friðriki VII., var bréf með ráðleggingum til ríkisarfans um að láta setja ríkinu stjórnarskrá. Hafði Kristján VIII. þegar gert ráðstafanir í þá átt sem höfðu það að markmiði að viðhalda einveldisskipulaginu og varðveita alríkið. Hafi Friðrik VII. ætlað sér að hlíta ráðum föður síns gafst honum lítið tóm til þess. Rétt um það bil sem hann var kominn með kórónuna á kollinn hafði byltingarandinn gripið um sig í höfuðborg ríkisins og allt útlit var fyrir að vænta mætti mikilla pólitískra tíðinda. Kröfur um kosningarrétt, byggðan á þjóðernistengslum borgara og ríkis, bar hátt og margir Danir höfðu gerst handgengnir Egdustefnunni og sáu fyrir sér danskt þjóðríki sem samanstæði af konungsríkinu og hertogadæminu Slésvík. Var sú hugmynd því galli blandin að þegar kom suður yfir miðbik Slésvíkur voru flestir íbúarnir þýskumælandi og þýksinnaðir og með öllu fráhverfir því að verða Danir.

Ýmiss konar pólitískt umrót átti sér einnig stað í hertogadæmunum og þar voru aðrar hugmyndir efst á baugi en þóttu tækar í Danmörku. Á fundi sem haldinn var í Rendsborg (þ. *Rendsburg*)<sup>35</sup> við Egðu 18. mars gerðu fulltrúar á stéttapungum hertogadæmanna kröfu um sérstaka stjórnarskrá fyrir þau og fóru jafnframt fram á að Slésvík yrði tekin inn í Þýska sambandið. Þegar fregnir af þessum atburðum bárust til Kaupmannahafnar tveimur dögum síðar voru þær túlkaðar sem svo að uppreisn gegn stjórnvöldum væri hafin í hertogadæmunum. Leiðtogar þjóðernisfrjálslyndra þétta nú raðir sínar og kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar og nýrrar stjórnar sem tæki upp Egdustefnuna og framfylgdi henni.

Snemma dags 21. mars 1848 varð Friðrik VII. við kröfum um myndun nýrrar ríkisstjórnar og boðaði jafnframt að sett yrðu stjórnslög fyrir ríkið. Einveldi Danakonungs, sem innleitt var árið 1660, lauk í raun þennan morgun þótt það yrði ekki fyrr en 5. júní 1849 sem hin nýja stjórnarskrá Danmerkur tók gildi.

Nokkur ár voru í það að ritsíminn tæki að flytja skilaboð á örskotsstundu milli fjarlæggra staða og vera kann að atburðarásin sem nú hófst í hertogadæmunum hefði orðið önnur ef leiðtogar uppreisnarmanna í Kiel og stjórnvöld í Kaupmannahöfn hefðu getað ræðst beint við og skipst á skoðunum og upplýsingum. En ef til vill hefði það engu breytt. Liðsoddar þýksinnaðra íbúa hertogadæmanna og fylgismenn þeirra höfðu lengi elt grátt silfur við dönsk stjórnvöld og þegar þeir tóku þá stefnu að túlka fréttirnar af stjórnarskiptunum í Kaupmannahöfn sem svo að þar hefði verið gerð stjórnarbylting og landstjórnin væri í höndum uppreisnarmanna þótti vera unnt að réttlæta bráðabirgðastjórn í hertogadæmunum og var slíkri stjórn þegar komið á. Svo róttæk ráðstöfun hlaut að kalla á hörð viðbrögð gagnaðilans og þau létu vissulega ekki á sér standa.

Bróðir hertogans af Augustenborg, Frederik prins af Nør<sup>36</sup>, sem var sama sinnis og hertoginn en hvatvísari og skjótráðari, hafði tekið sæti í bráðabirgðastjórninni í hertogadæmunum og 24. mars hélt hann til Rendsborgar ásamt fámennum her og tók borgarvirkið þar á sitt vald án nokkurrar mótspyrnu. Uppreisn var hafin í hertogadæmunum, að mati danskra stjórnvalda, og stríð skall á sem oft er nefnt fyrra Slésvíkurstríðið eða þriggja ára stríðið (d. *Treårskrigen*) 1848–1850. Þýksinnaðir íbúar hertogadæmanna töldu sig hins vegar heyja frelsisstríð gegn áþján og einveldi. Íbúar hertogadæmanna og Danmerkur höfðu tilheyrt dönsku ríkisheildinni um aldaðir og alríkinu frá því snemma á 18. öld. Því má líta svo á að fyrra Slésvíkurstríðið væri borgarastyrjöld og sú er vissulega ein hlið þess en það var einnig þjóðernisstríð og það snerist líka um ytri landamæri ríkja.

Andstæður milli þýskumælandi og dönskumælandi einstaklinga og hópa voru magnaðar upp í gríðarlegum stríðsáróðri. Margur Daninn kynntist þjóðernishugmyndum í fyrsta skipti þau misseri sem stríðið varði og ríkisfáninn, Dannebrog, varð tákn þjóðar og þjóðareiningar og dálæti almennings á þjóðfánanum jókst til mikilla muna. Almenn herskylda karlmanna var innleidd meðan á stríðinu stóð og hafði það ekki áður verið gert.<sup>37</sup> Nú voru það ekki lengur leiguliðar sem stórjarðeigendur völdu úr hópi landseta sinna og sendu hernum sem héldu á vígvöllinn í þágu Danmerkur. Flestallar stéttir og hópar urðu að leggja eitthvað af mörkum og nokkuð var um að ungir menn brygðust við stríðsáróðrinum með því að gerast sjálfbodaliðar í hernum.

Vopnahléi var komið á 26. ágúst 1848 og stóð það til 3. apríl 1849. Ekki tókst að sætta aðila og bardagar hófust að nýju og stóðu með hléum fram á sumar 1850 en þá misstu hertogadæmin sinn mikilvægasta bandamann, Prússland, sem hætti stuðningi við hertogadæmin að kröfu Rússa og upp úr því önnur þýsk ríki einnig. Meðan Prússar tóku þátt í fyrra Slésvíkurstriðinu átti danski herinn á brattann að sækja en stóð mun betur eftir að Prússarnir hurfu af vettvangi.

Framvinda stríðsins og lyktir þess réðust hvorki af herstyrk né herkænsku Dana heldur voru það pólitískar aðstæður í Evrópu sem skiptu sköpum. Prússland og austurrísk-ungverska keisaradæmið voru um þessar mundir í uppnámi vegna stjórnarbyltinga og sama var að segja um Frakkland. Þessi ríki gátu því lítið beitt sér í utanríkismálum. Pólitísks umróts gætti hins vegar lítt eða ekki í Rússlandi og Bretlandi og þegar byltingaröflum tók að þverra móður annars staðar í Evrópu og gagnbylting hófst voru það einkum þessi ríki sem gátu látið til sín taka og höfðu burði til að valda friðarsamninga sem gerðir yrðu.

Stefna Rússa var að gera allt sem í þeirra valdi stæði til þess að hindra róttækar breytingar á ríkjaskipan og stjórnarferi í Evrópu. Með það að leiðarljósi lögðust sendimenn Rússakeisara eindregið gegn því að Slésvík yrði skilin frá Danmörku. Skipting hertogadæmisins milli stríðsaðila um þá óglöggu línu þar sem þýska tók við af dönsku sem móðurmál íbúanna var sett fram og rædd í tengslum við friðarsamningana. Hluti danskra stjórnámálanna vildi fallast á hana en aðrir höfnuðu því algerlega og Friðrik VII. snerist öndverður gegn öllum tillögum í þessa átt. „Aldrei skal það verða,“ á hann að hafa sagt og mun hafa sótt orðin í eitt hinna fjölmörgu hvatningarljóða sem ort voru til að halda uppi stríðsstemningunni. Enda þótt konungur hefði afsalað sér einveldi var sú hugsun fjarri honum, sem hafði verið baráttumál lýðræðisafla allt síðan í frönsku stjórnarbyltingunni 1789, að rétturinn til ákvarðanatöku um slík mál lægi hjá þjóðinni. Friðrik VII. var ekki einn um þetta. Enginn þeirra aðila sem leituðu leiða til að semja um stríðslok og tryggja friðinn viðraði þann möguleika að gert yrði út um skiptingu Slésvíkur með almennum kosningum.

Fyrri Slésvíkurstriðinu lauk sumarið 1850 með sigri Dana. Alríkið hélt velli en skilmálar friðarins báru þess glöggan vott að þeir voru settir af kyrrstöðu- og afturhaldsöflum. Engar tilraunir mátti gera til að sameina hertogadæmin og hvaðeina sem gert hafði verið í þá átt var tekið aftur. Skýrt var kveðið á um að Danmörk gæti undir engum kringumstæðum innlimað Slésvík, og Holtsetaland var eftir sem áður í Þýska sambandinu. Kyrrstaðan var tryggð en engar ráðstafanir gerðar til að bregðast við ástæðum þess að stríðið hófst.

Stórveldunum var mest í mun að sem minnstar breytingar yrðu á valdastöðu ríkjanna við Eystrasalt og Norðursjó og kröfðust þess af Dönnum í tengslum við lok fyrri Slésvíkurstriðsins að komist yrði að niðurstöðu um ríkiserfðir í Danmörku og hertogadæmunum. Rússar höfðu sterka stöðu gagnvart nágrannaríkjum sínum um þessar mundir og afstaða Rússakeisara og embættismanna hans varð að lyktum afgerandi fyrir úrslit málsins.

Barnleysi Friðriks VII. og athafnir hertogans af Augustenborg og prinsins af Nør þóttu sýna að annað dygði ekki til lengdar en festa erfðaröðina. Ýmsar greinar konungsættarinnar gátu komið til álita en að lokum náðu fulltrúar evrópsku stórríkjanna saman um það á ráðstefnu í Lundúnum árið 1852 að velja einn af hinum fjölmörgu aðalbornu sonum hertogadæmanna sem ríkisarfa Danmerkur.<sup>38</sup> Kristján prins af Slesvig-Holsten-Sønderborg-Beck varð Kristján IX. haustið 1863 er hann varð Danakonungur, fyrstur í hópi einstaklinga af Lukkuborgarætt sem síðan hafa gegnt stöðu þjóðhöfðingja danska ríkisins og fylgilanda þess. Prinsinn þótti hafa átt ágætan feril innan hirðarinnar og hafði hin nauðsynlegu ættartengsl og erfðarétt í Slésvík en það sem réð úrslitum var þó kvonfang hans. Árið 1842 höfðu þau gengið í hjónaband, Kristján prins og náfrænka hans, Lovísa prinsessa af Hessen-Kassel<sup>39</sup>, og þegar diplómatar Nikulásar I. Rússakeisara höfðu rýnt nægju sína í furstaættir og kóngaslekti var það ekki síst erfðaréttur Lovísu prinsessu og Friðriks, elsta sonar hennar og Kristjáns, sem aflaði manni hennar stuðnings Rússakeisara og gerði hann, í fyllingu tímans, að Danakonungi. Nikulás I. átti ættir að rekja til Holtsetalands og vann það nú til að gefa eftir eigin erfðarétt í hertogadæminu til að koma að nýrri konungsætt í Danmörku og íhaldssömum leiðtoga sem vonir stóðu til að myndi tryggja stöðugleika þar og í hertogadæmunum.<sup>40</sup> Forn réttur og forneskjulegt skipulag hafði, enn einu sinni, ráðið tengslum ríkis og ríkisstjórnar. Vilji almennings var ekki til umræðu á Lundúnaráðstefnunni 1852.

Danir höfðu vissulega haft betur í fyrra Slésvíkurstriðinu og tekist hafði að varðveita alríkið en framtíð þess var þó óljós og margir í hinum stóra meiri hluta þýskumælandi íbúa hertogadæmanna undu stöðunni illa. Það bætti ekki úr skák að dönsk stjórnvöld hófu að þrengja að þýskumælandi íbúum Slésvíkur, einkum í norðanverðu hertogadæminu, og gera dönsku réttærri en þýsku. Stríðið hafði skerpt andstæður og aukið ágreining á milli dansk- og þýsksinnaðra íbúa hertogadæmanna og nú gerði friðurinn það einnig.

Danir höfðu skuldbundið sig til þess á Lundúnaráðstefnunni 1852 að setja stjórnarskrá sem yrði sameiginleg Danmörku og hertogadæmunum. Í samræmi við þetta samþykktu þing og ríkisráð Dana ný stjórn lög haustið 1855 þar sem gert var ráð fyrir sameiginlegu ríkisráði fyrir alríkið. Hin nýja stjórnarskrá mætti mikilli mótspyrnu, einkum í Holtsetalandi, þar sem ekki var jafnræði með konungsríkinu og hertogadæmunum að mati heimamanna, og við tók áralangur reipadráttur um stjórnarskrá Danmerkur og hertogadæmanna með þátttöku stórvelda Evrópu og réðst þróun málsins að verulegu leyti af misjöfnu gengi þeirra í valdatogstreitu álfunnar.

Einkum voru það úrslit Krímstríðsins<sup>41</sup>, sem háð var á árunum 1853–1856, sem höfðu afgerandi áhrif á framvinduna í hertogadæmunum og stöðu þeirra þegar fram í sótti. Allt síðan Napóleonsstýrjöldunum lauk höfðu austurríska keisaradæmið, Prússland og Rússland verið ráðandi öfl í laustengdu hagsmunabandalagi ríkja á meginlandi Evrópu sem hafði það að meginmarkmiði að viðhalda óbreyttri skipan landamæra og standa gegn öllum tilraunum til að koma á breytingum á stjórnarháttum. Þetta bandalag brast í Krímstríðinu. Rússakeisari hafði vænst stuðnings Austurríkis við hernað sinn gegn Tyrkjasoldáni en hlaut hann ekki og þegar stríðinu lauk blasti við að samstaða Rússlands og Austurríkis var úr sögunni. Áhrifavald beggja þessara ríkja í valdatafli Evrópuríkja var mun veikara eftir Krímstríðið en það hafði verið áður og þess gætti mjög í stjórn málaþróun næstu ára og áratuga. Prússar urðu forystuafli í sameiningu Þýskalands í eitt ríki og þegar Austurríki hafði ekki lengur bolmagn til að hindra samruna ítalskra smáríkja og furstadæma varð þróun í átt að ítölsku þjóðríki hröð með stuðningi Breta sem litu svo á að sameinuð Ítalía myndaði nauðsynlegt mótvægi við áhrif Frakka í Suður-Evrópu.

Samfara því að áhrif Rússa og Austurríkismanna á Evrópustjórn mála dvínuðu styrktist veldi Prússa að sama skapi og áhrif þeirra á gang mála í hertogadæmunum Slésvík, Holtsetalandi og Lauenburg jukust. Leiðtogaskipti urðu í Prússlandi er Vilhjálmur I. varð keisari árið 1861 og Otto von Bismarck<sup>42</sup> forsætisráðherra árið eftir. Báðir voru þeir þeirrar hyggju að það væri skylda Prússlands að styðja við málstað Þjóðverja í hertogadæmunum og forsætisráðherrann leit svo á að réttlætunlegt væri að Prússar beittu vopnvaldi í deilunni um Holtsetaland. Járnkanslarinn, en svo var Bismarck gjarnan nefndur, var mjög áfram um sameiningu Þýskalands og taldi að óyggjandi væri að hertogadæmin tilheyrðu því réttilega.

Þjóðernisfrjálslýnd öfl komust til valda í Danmörku árið 1857. Ríkisstjórnin hvarf þá frá alríkisstefnunni og lagði í hennar stað áherslu á Egðustefnuna. Var því haldið fram að Slésvík, eins og hún lagði sig, væri dansk land og ótvíræðar þjóðernislegar forsendur væru fyrir því að Danmörk og Slésvík tilheyrðu einu og sama ríkinu. Í þeim tilraunum sem gerðar voru til að koma á sameiginlegri stjórnarskrá Danmerkur og hertogadæmanna eða ráða fram úr deilunni um þjóðréttarlega stöðu þeirra voru lagðar fram hugmyndir um skiptingu Slésvíkur í danskan og þýskan hluta og sameiningu Danmerkur og danska hlutans en þeim var ávallt hafnað jafnharðan af dönskum stjórnvöldum sem héldu fast við Egðustefnuna.

Sambúð dansk- og þýsksinnaðra Slésvíkinga gekk oft heldur stíðlega á þessum tímum útbreiddrar og vaxandi þjóðernishyggju og í öllum þremur hertogadæmunum jókst óánægja með stjórnskipulega stöðu þeirra sem gerði framsæknum öflum erfitt um vik að koma fram stjórnarframskygningum í lýðræðisátt. Það varð ekki til að einfalda stöðuna að eftir að tilraunir til að koma á sameiginlegri stjórnarskrá Danmerkur og hertogadæmanna höfðu orðið að engu breyttu Bretar afstöðu sinni til málsins og í stað þess að styðja alríkið kröfðust nú bresk stjórnvöld þess að sett yrðu sérstök stjórn lög fyrir hvern hluta þess, þ.e. Danmörku og hertogadæmin þrjú. Þessi leið hefði þýtt að ríki Danakonungs yrði bútað í sundur í fjóra hluta og danska ríkisstjórnin hafnaði henni eindregið.

Þar kom að dönsk stjórnvöld, leidd af þjóðernisfrjálslýndum öflum, ákváðu að stíga það örlagaríka skref að fara gegn skuldbindingunum sem gerðar höfðu verið þjóða á milli árin 1851–1852, segja endanlega skilið við alríkisstefnuna og freista þess að hrinda Egðustefnunni í framkvæmd með því að setja sameiginlega stjórnarskrá fyrir Danmörku og Slésvík sem gert var í nóvember 1863.

Nóvemberstjórn lög<sup>43</sup> nutu lýðhylli í Danmörku þar sem þjóðernisstefna hafði náð til mikils hluta almennings enda þótt ljóst væri að með nýju stjórnarskránni væri gengið á gerða samninga. Stjórnvöldin, sem sett höfðu nóvemberstjórnarskrána, nutu vinsældanna þótt þau gerðu sér ljóst að verulegar líkur væru á styrjöld



við Prússa fyrr eða síðar vegna hennar enda litu prússnesk stjórnvöld svo á að Danmörk hefði innlimað Slésvík og gerst þar brotleg við fjölþjóðlegt samkomulag. Og ekki voru allir Danir jafnhrífir af nóvemberstjórnarskránni. Fylgismenn alríkisstefnunnar töldu hana afleita og Danakonungur var á sama máli. Friðrik VII., sem hafði tekið við ríki skömmu áður en fyrra Slésvíkurstriðið hófst, gaf nú upp öndina eftir skammvinn veikindi rétt áður en að því kom að konungur undirritaði hin nýju stjórnlæg. Staðfesting þeirra kom því í hlut arftaka hans, Kristjáns IX., sem Rússakeisari hóf til vegsemdar rúmunum áratug fyrr. Hinum nýbakaða konungi þótti staðan einkar uggvænleg og mælti varnaðarorð til allra átta en talaði fyrir daufum eyrum. Ríkisstjórnin tók ekki annað í mál en að konungur staðfesti stjórnlögin með undirritun sinni og ráðgjafar konungs bentu honum á að þar sem nóvemberstjórnarskráin nyti víðtækrar hylli almennings myndi synjun staðfestingar að líkindum valda uppþotum í Kaupmannahöfn og tæki hann það til bragðs að setja ríkisstjórnina af og skipa nýja gæti farið svo að stjórnarbylting yrði reynd. Að lokum lét konungur undan og hinn 18. nóvember 1863 staðfesti hann nóvemberstjórnarskrána, sárnauðugur. Hún tók gildi 1. janúar 1864.

Danska ríkisstjórnin hafði bundið vonir við það að valdatogstreitan sem ríkti milli Prússa og Austurríkismanna yrði til þess að halda aftur af Prússum í því að hefja hernað gegn Danmörku og gerði sér einnig væntingar um að önnur Evrópuríki myndu vilja hefja framgang Prússa með því að sýna Dönnum stuðning. Þessar væntingar biðu skipbrot í janúar 1864 þegar bæði Prússland og Austurríki kröfðust þess að hin nýja stjórnarskrá yrði afnumin innan tveggja daga. Þar voru settir afarkostir sem sýndu að þessum aðilum var full alvara með að láta sverfa til stáls. Ekkert ríki reyndist þess nú megnugt að hindra að styrjöld brytist út og það gerðist í byrjun febrúar.

Enda þótt hin eindregna fylgispekt danskra stjórnvalda við Egðustefnuna frá 1857 hefði aukið líkurnar á vopnaviðskiptum í hertogadæmunum skorti mjög á viðbúnað hersins þar um slóðir. Minnug árása breska sjóhersins á Kaupmannahöfn árið 1807 höfðu dönsk stjórnvöld lagt mesta áherslu á að efla varnir höfuðborgarinnar og varið til þess miklu fé og mannafla en lítt sinnt suðurlandamærunum. Á árunum 1861–1863 voru þó gerðar endurbætur á tveimur fornfrægum virkjum í Slésvík, Danavirki og Dybbøl (þ. *Düppel*) skammt frá Sønderborg, sem þó voru eftir sem áður veikari fyrir en helstu herforingjar Dana töldu ásætlanlegt.

Hið forna Danavirki hafði tekið á sig táknræna mynd órjúfanlegs varnarmúrs í huga margra þjóðernissinnaðra Dana og hafði hún verið dregin upp af áróðursöflum þjóðernissinna en átti ekki stoð í styrk virkismúranna. Það varð því mörgum gríðarlegt áfall þegar Christian de Meza,<sup>44</sup> æðsti yfirmaður heraflans í Danavirki, fyrirskipaði undanhald hersins þaðan til Dybbøl þegar í upphafi stríðsins án þess að komið hefði til átaka við heri Prússa og Austurríkismanna svo að heitið gæti. Hið sögufræga virki var fallið í hendur óvinanna, baráttulaust. Hershöfðinginn aldurnigni hafði gert sér ljóst að lið hans væri allt of fámennt til þess að nokkur von væri til þess að það gæti varið Danavirki og brást við í samræmi við það. Hann sætti miklu ámæli fyrir ákvörðun sína, var settur af og lést árið eftir.

Það er flestra mál sem hafa kynnt sér sögu síðara Slésvíkurstriðsins að fyrirmæli de Meza um undanhald frá Danavirki hafi orðið til þess að þyrma lífi fjölda hermanna sem ella hefðu fallið þar í vonlausri baráttu. Það varð þó hlutskipti margra þeirra að standa andspænis dauðanum nokkrum vikum síðar og láta lífið í orrustunni við Dybbøl 18. apríl 1864 þar sem Danir biðu algeran ósigur fyrir ofjörlum sínum í herjum Prússa og Austurríkismanna sem hertóku í framhaldi af þessu stóran hluta Jótlands og samfelld undanhald varð hlutskipti danska hersins allt þar til yfir lauk. Fljótlega varð atburðurinn einnig táknrænn og hefur lifað í danskri sögu til þessa dags. Skömmu síðar, 29. júní 1864, var danski herinn borinn ofurliði í orrustu um eyjuna Als og sýndi það Dönnum endanlega fram á að útilokað væri að þeir myndu hafa betur í viðureigninni. Ósigurinn innsiglaði stöðu Danmerkur sem smáþjóðar í valdakerfi Evrópu og styrkleikahlutföllin milli Danmerkur og hins völduga granna í suðri opinberuðust svo að ekki varð um villst.

Friðarráðstefna var sett í Lundúnum skömmu eftir orrustuna við Dybbøl. Þjóðríkishugmyndin var ekki síður höfð í hávegum af Prússum en Dönnum og nú lögðu samningamenn Prússa það til að Slésvík yrði skipt milli Danmerkur og Prússlands um línu sem lá nálægt núverandi landamærum Danmerkur og Sambandslýðveldisins Þýskalands. Fulltrúar Dana kröfðust þess á móti að Danavirki yrði innan landamæra Danmerkur og lögðust jafnframt gegn þeirri hugmynd Prússa að kosningar yrðu látnar fara fram í hverri kirkjusókn í Mið-Slésvík til að leiða fram vilja íbúanna um það hvoru ríkinu þeir kysu að tilheyra; Danmörku eða Prússlandi. Fulltrúar Svía, Rússa og Austurríkismanna reyndust einnig andvígir kosningum sem helgaðist einkum af því að innan landamæra þessara ríkja voru þjóðernisminnihlutar sem voru líklegir til að hugsa sér til hreyfings ef fordæmi sem þetta yrði sett. Breskir diplómatar lögðu til að skipaður yrði gerðardómur sem ákvarðaði landamæri milli Danmerkur og Prússlands eftir þjóðerni íbúanna, eins og unnt væri, en Danir höfnuðu þeirri hugmynd einnig.

Á fundi danska ríkisráðsins 20. júní 1864 var staðfest að dönsk stjórnvöld myndu ekki fallast á nein landamæri önnur en fljótið Egðu og hófst þá stríðið fljótlega aftur. Að þessu sinni létu Prússar og Austurríkismenn kné fylgja kviði enda ljóst orðið að dönsk stjórnvöld hugðust ekki fara samningaleið að lausn landamæradeilunnar. Danski herinn reyndist sem fyrr hafa litla mótstöðu gegn herjum óvinarins og hinn 20. júlí, eftir um þriggja vikna stopula viðureign, komst á vopnahlé að beiðni danskra stjórnvalda sem urðu nú að viðurkenna algeran ósigur sinn. Ríkisstjórn Þjóðernisfrjálslyndra, sem efnt hafði til stríðsins og knúði það áfram, lét af völdum við lítinn orðstír skömmu eftir uppgjöfina og önnur íhaldssamari tók við sem fékk það vanþakkláta hlutverk að vinna úr ósigrinum. Að þessu sinni fór friðargerðin ekki fram í hlutlausu landi heldur í Vínarborg, höfuðborg annars óvinaríkisins. Samningsstaða Dana var svo gott sem engin og urðu þeir í einu og öllu að hlíta skilmálum sigurvegaranna. Hertogadæmin Þrjú, Slésvík, Holtsetaland og Lauenburg, féllu heil og óskipt í hlut Prússa og Austurríkismanna. Önnur ríki Evrópu sem höfðu bolmagn til að hafa afskipti af málinu kusu að láta kyrrt liggja í von um að nú hefði hin örðuga og langvarandi Slésvíkurdeila loks verið leyst í eitt skipti fyrir öll.

Eins og gefur að skilja könnuðu danskir embættismenn eftir lok stríðsins hvort þess væri einhver kostur að draga úr tjóninu og komast að samningum við sigurvegarana um landamæri í Slésvík. Meðal annars kom til tals meðal háembættismanna í Kaupmannahöfn að bjóða nýlendur Dana í Vesturheimi<sup>45</sup> og jafnvel Ísland í skiptum fyrir Norður-Slésvík en ekkert varð þó af því að slíkur kaupskapur yrði reyndur enda talið, og ugglaut með réttu, að viðsemjendurnir væru allsendis áhugalausir um viðskipti af þessu tagi.

## Prússneska tímabilið, 1864–1920

Tap hertogadæmanna varð Dönnum og danska ríkinu mikill hnekki á ýmsan hátt. Landsvæðið sem hafði tilheyrt dönsku ríkisheildinni fyrir síðara Slésvíkurstríðið en gerði það ekki eftir lok þess var um 20.000 km<sup>2</sup> að flatarmáli og íbúar þess um 900.000 sem voru um 35% af samanlögðum íbúafjölda Danmerkur og hertogadæmanna við upphaf stríðsins. En ýmsir hnútar röknuðu líka upp við málalyktirnar. Málefni hertogadæmanna höfðu verið gríðarlega fyrirferðarmikil í dönskum stjórnámálum áratuginna á undan og þegar þau voru nú gengin Dönnum úr greipum gafst þeim færi á að huga að ýmsum félags- og efnahagslegum umbótum sem ekki höfðu komist á dagskrá.

Viðbrögð íbúa hertogadæmanna við úrslitum stríðsins voru gerólik eftir menningu og tungumáli. Þýskumælandi og þýsksinnað fólk, sem var langtum fleira, fagnaði niðurstöðunni en í Norður-Slésvík, þar sem dönsk tunga og menning var nánast allsráðandi, undu margir því illa að tilheyra þýsku ríki.

Stríðssumarið 1864, þegar ljóst var orðið í hvað stefndi, höfðu dansksinnaðir Slésvíkingar safnað undirskriftum undir áskorun um að landamæri í hertogadæminu yrðu látin ráðast af Þjóðerni íbúanna. Um vorið hafði þessi möguleiki verið talinn koma til greina í herbúðum Prússa og Austurríkismanna en eftir atburði sumarsins, á vígvellinum og við samningaborð í Lundúnum, var hann algerlega úr sögunni. Vonin um að unnt yrði að láta landamærin í Slésvík fylgja Þjóðernislinnum hvarf þó ekki frá dönskum Slésvíkingum og varð til að halda lífi í Þjóðerniskennd meðal þeirra og efla ræktarsemi við danska tungu og menningu.

Jafnvel þótt Prússland og austurrísk-ungverska keisaradæmið stæðu saman í síðara Slésvíkurstríðinu ríkti mikill ágreiningur og togstreita um völd og áhrif milli þessara tveggja höfuðríkja þýskumælandi Evrópubúa enda vildu bæði gegna forystuhlutverki. Snemma árs 1866 var svo komið þessari valdabaráttu að styrjöld milli Prússa og Austurríkismanna virtist á næsta leiti og hún skall á síðar sama ár. Dönsk stjórnvöld gerðu þá Prússum tilboð um liðveislu gegn því að landamærin í Slésvík yrðu færð suður til Slien-fjarðar sem Otto von Bismarck hafnaði þegar í stað, sigurviss. Nú var það hertogadæmið Holtsetaland sem varð bitbein stríðandi afla. Samið hafði verið um það eftir lok síðara Slésvíkurstríðsins að sigurvegararnir stýrðu sitt hvoru hertogadæminu en hinn 9. júní 1866 sendi prússneski herinn lið sitt inn í Holtsetaland þar sem Austurríkismenn voru á fleti fyrir. Eftir skammvinnt stríð stóðu Prússar uppi sem sigurvegarar. Friðarsamningar voru gerðir í Prag um haustið og þar sáu dönsk stjórnvöld sér leik á borði að koma að ákvæði sem gat orðið til þess að landamærin í Slésvík yrðu endurskoðuð.

Frakkar voru helstu keppinautar Prússa um völd og áhrif í Vestur-Evrópu og hlutu því að eiga fulltrúa við friðargerðina í Prag. Napóleon III. Frakkakeisari<sup>46</sup> var þekktur að stuðningi við Þjóðríki sem stjórnareiningu og áleit að virða bæri fullveldisrétt þjóða. Danskir stjórnarereindrekar sneru sér því til Napóleons III. og báru upp við hann málefni danska minni hlutans í Slésvík með þeim árangri að Frakkar beittu sér í málinu og fengu því framgengt að í 5. grein friðarskilmálanna kom ákvæði um að norðurhluti Slésvíkur skyldi falla innan landamæra Danmerkur ef í ljós kæmi við Þjóðaratkvæðagreiðslu að það væri vilji meiri hluta íbúanna.

Prússland innlimaði hertogadæmin í byrjun árs 1867. Tilraunir til að fá prússnesk stjórnvöld til að efna 5. grein friðarsamningsins frá 1866 báru aldrei árangur og árið 1878 felldi þýska keisaradæmið ákvæðið úr gildi. Það féll þó ekki algerlega í gleymsku því að dansksinnaðir Slésvíkingar héldu því á lofti og vitnuðu oftlega til þess í baráttu sinni fyrir endurskoðun dönsku landamæranna í Slésvík að gefið hefði verið fyrirheit um að þar fengi almannaþingi að ráða lyktum mála.

Innlímun hertogadæmanna í Prússland olli miklum breytingum á lífi og kjörum íbúanna. Stjórnkerfi danska alríkisins var afnumið, skilið á milli stjórnsýslu og löggæslu og margvíslegar breytingar urðu á lögum samfélagsins. Iðnvæðing jókst, því fylgdu breytingar á atvinnu- og lifnaðarháttum og aukin þéttbýlismyndun. Fólki fjölgaði og hröðust varð fólksfjölgunin í borgum og bæjum, gasljós kviknuðu og einnig rafljós og þegar fram í sótti urðu járnbrautarlestir og sporvagnar algeng sjón. Verkalýður varð fjölmennur í þéttbýlinu, hugmyndir sósíalista fengu þar hljómgrunn, verkalýðshreyfing varð til og konur háðu kvenréttindabaráttu.

Lífskjör almennings í Slésvík-Holtsetalandi tóku framförum á prússneska tímabilinu, einkum síðari hluta þess. Framan af bjuggu þó margir við fátækt og skort á tækifærum og þá var talsvert um að fólk tæki þann kost að flytjast á brott og leita sér viðurværis annars staðar. Á árabílinu milli 1871, þegar Þýskaland sameinaðist í eitt ríki, og upphafs fyrri heimsstyrjaldar árið 1914 fluttu um 140.000 manns frá Slésvík-Holtsetalandi og voru brottflutningarnir mestir fyrir 1900. Flutningar Evrópubúa til Norður-Ameríku stóðu sem hæst á síðustu áratugum 19. aldarinnar og þangað héldu margir í gæfuleit.

Prússland var þjóðríki og hið sameinaða Þýskaland stefndi í þá átt einnig eftir 1871 en því var þó hafnað af þýskri hálfu að láta fara fram atkvæðagreiðslu um landamærin í Slésvík. Þess var krafist að íbúarnir töluðu þýsku og tileinkuðu sér þýska menningu og hætti. Samkvæmt friðarskilmálunum sem settir voru við lok síðara Slésvíkurstriðsins 1864 áttu dansksinnaðir borgarar í Slésvík þess kost að halda dönsku ríkisfangi þótt þeir byggju áfram í heimkynnum sínum sem voru orðin þýsk. Um 25.000 þeirra tóku þennan kost en honum fylgdu kvaðir um að taka ekki þátt í neinu stjórnmalastarfi eða félagsstarfi sem fjallaði um málefni ríkisins og börn þeirra sem voru í þessari stöðu öðluðust ekki þýskt ríkisfang heldur urðu þau ríkisfangslaus. Fjöldi dansksinnaðra borgara í Slésvík gafst upp frammi fyrir þessum skilyrðum og flutti á brott og til þess hvatti einnig þriggja ára herskylda sem Prússar lögðu á unga karla. Hugnaðist mörgum þeirra lítt að færa sig í einkennisbúning ríkis sem þeir höfðu ímugust á og láta því eftir þrjú ár af ævi sinni í herþjónustu og kusu frekar að hafa sig á brott ef þess var nokkur kostur. Loks kom að því árið 1907 að ríkisfangslausum afkomendum Dana í Slésvík gafst færi á að öðlast þýskt ríkisfang og borgararéttindi á borð við kosningarrétt.<sup>47</sup> Slésvík-Danir urðu að láta það á móti þessari tilslökun að fallast á niðurfellingu 5. greinar friðarsamningsins frá 1864 sem í raun var formsatriði þar sem þýsk stjórnvöld höfðu sett hana úr leik áratugum fyrr.

Þýskumælandi fólki fór fjölgandi í Slésvík á síðustu áratugum 19. aldarinnar, einkum í þéttbýlisstöðum. Fram um 1880 voru dönskumælandi íbúar Flensborgar, fjölmennasta þéttbýlisins, fleiri en þeir sem höfðu þýsku að móðurmáli en úr þessu breyttust hlutföllin og þýska varð ráðandi. Það var í samræmi við stefnu prússneskra stjórnvalda sem þrengdu að dönsku tungumáli og danskri menningu í Slésvík með ýmsu móti. Frá 1871 varð þýska skyldufag í öllum skólum í Slésvík og frá árinu 1888 varð óheimilt að nota önnur tungumál en þýsku í skólum. Meðan 5. grein friðarsamningsins frá 1866 var við lýði höfðu forystumenn dansksinnaðra Slésvíkinga haldið henni á lofti sem helsta grundvelli baráttu sinnar fyrir því að fá að tilheyra Danmörku en eftir afnám hennar dofnuðu mjög vonir um að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði nokkru sinni látin fara fram. Tóku þá dansksinnaðir Slésvíkingar það ráð að stofna og styrkja félagsskap sín á milli og efla tungumál sitt með því að stofna félög og reisa félagsheimili á þeim svæðum þar sem Danir voru flestir auk þess sem þeir starfræktu sparisjóði sem ætlað var að styrkja danska bændur til jarðakaupa. Ýmislegt fleira var gert sem átti að bæta stöðu hinna dansksinnaðu og efla samstöðu þeirra.

Árið 1888 komst nokkuð föst skipan á baráttu dansksinnaðra Slésvíkinga fyrir sjálfsmynd sinni og tungumáli þegar stofnað var kjósendafélag þeirra<sup>48</sup> (d. *vælgerforening*) sem mótvægi við tilraunir stjórnvalda til að kveða niður aðra menningu en hina þýsku. Kjósendasamtökin voru að ýmsu leyti ígildi stjórnmalaflokks og höfðu allt frá upphafi öflugan meðlim og leiðtoga, Hans Peter Hanssen,<sup>49</sup> sem varð helsti talsmaður danska minni hlutans í Norður-Slésvík allt til þess að landamærin voru dregin að nýju árið 1920. Prússnesk stjórnvöld höfðu ávallt illan bifur á hreyfingu Dana í Norður-Slésvík og reyndu með ýmsu móti að kveða hana niður og rjúfa samstöðu meðlimanna. Sambúð dansksinnaðra Slésvíkinga við fulltrúa ríkisins sem þeir voru nauðbeygðir til að tilheyra var því oft erfið og átakasöm. Mikið kvað að slíku í kringum aldamótin 1900 þegar prússnesk stjórnvöld hugðust knésetja hreyfingu Dana í Norður-Slésvík<sup>50</sup> og beittu til þess ýmsu harðræði, svo sem að gera um 900 manns úr þeirra röðum landræka. Ekki tókst með þessu að lama hreyfinguna eins og ætlunin var, en átökin urðu

til þess að auka viðsjár með Dönum og Þjóðverjum í norðurhéruðum Slésvíkur. Á móti kom að nýjar hugmyndir urðu til að draga úr spennunni milli þessara hópa, einkum í stærstu þéttbýlisstöðunum. Þar var verkalýður fjölmennur og hugmyndir sósíalista og sósíaldemókrata áttu víða fylgi að fagna og þeim sem aðhylltust þær voru ofar í huga áhrif launafólks á stjórn samfélagsins eða jafnvel alræði öreiganna heldur en Þjóðernispólitík.

## Þjóðaratkvæðagreiðsla um landamæri

Ósigur miðveldanna — Þýska keisaradæmisins, austurrísk-ungverska keisaradæmisins, Tyrkjaveldis og Búlgaríu — í fyrri heimsstyrjöldinni blasti við haustið 1918.<sup>54</sup> Eins og önnur norræn ríki hafði Danmörk lýst yfir hlutleysi í styrjöldinni og danski herinn sendi því ekki lið sitt á vígvellina.<sup>52</sup> Dansksinnaðir Slésvíkingar voru hins vegar kvaddir í Þýska herinn, enda Þýskir ríkisborgarar. Voru alls um 30.000 karlar úr þeirra röðum sendir á vígstöðvarnar. Um 5.300 féllu fyrir vopnum andstæðinganna eða létust með öðru móti meðan á stríðinu stóð og um 4.000 sneru aftur svo illa leiknir að þeir lifðu æ síðan við líkamleg örkuhl en ótilgreindur fjöldi bar andleg mein stríðshörmunganna alla sína daga.

Í ársbyrjun 1918 hafði Woodrow Wilson<sup>53</sup> Bandaríkjaforseti lýst í þingræðu þeim skilmálum sem hann taldi að ættu að liggja til grundvallar friðarsamningum við lok heimsstyrjaldarinnar og voru þeir í 14 liðum.<sup>54</sup> Um helmingur þeirra fjallaði um tiltekin ríki og landsvæði í Evrópu en hinn helmingurinn fól í sér almenna skilmála og forsendur og þar bar hátt hugmyndir um fullveldi og sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Snemma í október 1918 leitaði ríkisstjórn Þýskalands eftir vopnahléi á grundvelli skilmála Wilsons Bandaríkjaforseta og hinn 11. nóvember lauk stríðsátökum með skilyrðislausri uppgjöf Þjóðverja. Svo fór að hugmyndir Wilsons forseta urðu ekki sú fyrirmynd friðarsamninganna, sem gerðir voru í París og undirritaðir í Versölum 28. júní 1919 en tóku gildi 10. janúar 1920,<sup>55</sup> sem bæði hann og fulltrúar Þjóðverja höfðu vænst. Það var þó á grundvelli tillagna Wilsons sem forystumenn dansksinnaðra Norður-Slésvíkinga tóku upp baráttu fyrir endurákvörðun landamæra milli Þýskalands og Danmerkur, sem byggð yrði á úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu, enda þótt Norður-Slésvík væri ekki meðal þeirra landsvæða sem forsetinn gat sérstaklega um í ræðu sinni. Málstaður þeirra naut nokkurs stuðnings þegar við stríðslok; til dæmis hafði verið gerð samþykkt á alþjóðlegri friðarráðstefnu sósíalista í Evrópu, sem haldin var í Stokkhólmi árið 1917, þess efnis að ákvörðun um landamæri að stríðinu loknu ætti að taka á grundvelli sjálfsákvörðunarréttar þjóða og þar var Norður-Slésvík sérstaklega nefnd.<sup>56</sup>

Hans Peter Hanssen, baráttumaðurinn þolgóði frá Aabenraa, sem lengi hafði verið í forystu dansksinnaðra Norður-Slésvíkinga, eygði nú tækifæri til að koma hreyfingu á landamæramálið í Norður-Slésvík og bar hugmyndir sínar um þjóðaratkvæðagreiðslu um ný landamæri eftir þjóðerni fram við dönsku ríkisstjórnina með atbeina samverkamanns síns til margra ára, Aage Friis sagnfræðings,<sup>57</sup> sem hafði góð tengsl við C. Th. Zahle<sup>58</sup> forsætisráðherra. Þarna kom óvænt lykka á leið kosningamálsins. Utanríkisráðherrann, Erik Scavenius, aðhylltist þá grundvallarkenningu að smáríkinu Danmörku væri ávallt best borgið með því að ganga ekki gegn hagsmunum hins völduga grannríkis í suðri.<sup>59</sup> Trúr kenningu sinni sneri Scavenius sér til Þýskra stjórnvalda með tillögu um að þau stæðu fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um Slésvíkurlandamærin. Utanríkisráðherrann hafði bersýnilega ekki áttað sig til fulls á þýðingu ósigursins fyrir Þýskaland né heldur gert ráð fyrir því að sigurvegararnir tækju afstöðu hans og aðgerðum svo illa sem raun varð á en fulltrúar þeirra höfnuðu því algerlega að Þjóðverjar og Danir gerðu út um málið sín á milli og formlegar aðfinnslur voru bornar fram við dönsk stjórnvöld vegna framgöngu utanríkisráðherrans.

H. P. Hanssen átti um þessar mundir sæti á Þýska ríkisþinginu í Berlín og þangað hélt félagi hans og liðsmaður, Aage Friis, og í sameiningu heppnaðist þeim að afla samþykkis ríkisstjórnar Þýskalands fyrir því að hugmyndir Wilsons Bandaríkjaforseta um sjálfsákvörðunarrétt og fullveldi yrðu lagðar til grundvallar lausn á deilumálum um landamæri í Norður-Slésvík. En ekki nægði að Þýsk stjórnvöld féllust á að þessi leið yrði farin. Það urðu dönsk stjórnvöld einnig að gera og enn fremur sigurvegarar styrjaldarinnar sem höfðu hið endanlega ákvörðunarvald í málinu.

Þegar landamæramálið kom til umræðu á danska þinginu haustið 1918 kom fljótt í ljós að þorri þingmanna taldi rétt að virða þjóðernissjónarmið og miða legu nýrra landamæra Þýskalands og Danmerkur við það að Danir yrðu í öruggum meiri hluta Danmerkur megin þeirra. Forðast bæri að sækjast eftir því að héruð þar sem Þjóðverjar væru í meiri hluta lentu innan landamæra Danmerkur. Meðal minni hluta þingheims og allfjölmennra hópa utan þings gætti annarra sjónarmiða. Ósigur Þýska keisaradæmisins í fyrri heimsstyrjöldinni og fall þess haustið 1918 varð sumum tilefni til að krefjast þess að öll Slésvík yrði hluti Danmerkur, og var sú afstaða byggð á meintum sögulegum rétti og fornri búsetu Dana á þeim slóðum, en aðrir mynduðu svonefnda

Flensborgarhreyfingu og börðust fyrir því að Flensborg yrði dönsk á ný hvað sem þjóðerniskennd íbúanna liði. Naut hún nokkurs fylgis, þar á meðal var Danakonungur, Kristján X., hallur undir hana.<sup>60</sup>

H. P. Hanssen hafði sannfærst um það í viðræðum sínum við dönsk og þýsk stjórnvöld að það myndi auka mjög líkurnar á því að málstaður dansksinnaðra Slésvíkinga fengi hljómgrunn við friðarsamningana í París ef frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslu um landamæri þar kæmi frá heimamönnum. Til þess að svo gæti orðið þurfti að kalla fram viðhorf og stefnu Slésvíkinga til legu væntanlegra landamæra. Kjósendasamtök Norður-Slésvíkur<sup>61</sup> urðu vettvangur þessarar stefnumótunar enda öflugasti pólitíski félagsskapur dansksinnaðra Norður-Slésvíkinga á þeirri tíð. Á miklum átakafundi, sem haldinn var í Aabenraa 17. nóvember 1918, tókst að ná samkomulagi um ályktun<sup>62</sup> þess efnis að í Norður-Slésvík, norðan línu sem dregin var milli bæjanna Tønder og Kruså, færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort fólk kysi fremur að tilheyra dönsku ríki eða þýsku en í Mið-Slésvík yrði kosið í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Með þessu móti var talið að hægt yrði að leiða fram haldbæra legu landamæra með tilliti til þjóðernis og var stuðst mjög náið við athuganir danska sagnfræðingsins H. V. Clausen<sup>63</sup> á mörkum danskrar og þýskrar menningar í Norður-Slésvík.<sup>64</sup> Einnig var farið fram á það í ályktuninni að allir borgarar, konur jafnt sem karlar, sem hefðu náð tvítugsaldri, hefðu kosningarrétt í væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Aabenraa-yfirlýsingin hafði mótandi áhrif á afstöðu danskra stjórnvalda til landamæramálsins og einnig á ákvarðanir sem teknar voru á friðarráðstefnunni í París. Pólitískt amstur H. P. Hanssens og samverkafólks hans í Norður-Slésvík bar því tilætlaðan árangur.

H. P. Hanssen kom Aabenraa-yfirlýsingunni á framfæri við dönsk stjórnvöld með tilmælum um að henni og sjónarmiðum Suður-Jóta yrði komið á framfæri á friðarráðstefnunni í París. Scavenius utanríkisráðherra tók erindinu ekki beinlínis fagnandi og lét í fyrstu nægja að kynna það fyrir sendiherrum Bretlands, Frakklands og Þýskalands en hlaut að lokum að leggja fram formlegt erindi á friðarráðstefnunni og koma málinu þar á dagskrá.

Friðarráðstefnan í París hófst í janúar 1919. Allt þar til í maí þetta ár sóttu hana aðeins fulltrúar sigurvegaranna sem nýttu tímann til að móta kröfur sínar og afstöðu. Hlutlaus ríki á borð við Danmörku gátu lagt þar fram tillögur sínar og óskir og það gátu talsmenn samtaka einnig gert.

Það kom í hlut H. A. Bernhoft,<sup>65</sup> sendiherra Dana í París, að leiða viðræðurnar af hálfu Dana og var H. V. Clausen honum til aðstoðar og ráðuneytis. Einnig var send á vettvang þverpólitísk sendinefnd Dana og Suður-Jóta til að leggja áherslu á samstöðu Dana og Suður-Jóta í málinu og í henni voru H. P. Hanssen, Peter Munch varnarmálaráðherra og Niels Neergaard,<sup>66</sup> einn af helstu leiðtogum stjórnmalaflokksins Venstre um þessar mundir og varð forsætisráðherra árið eftir.

Það varð ofan á að alþjóðleg nefnd, *Commission internationale de surveillance du plébiscite au Slesvig* (CIS),<sup>67</sup> fékk það hlutverk að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðsluna og halda hana. Formaður hennar var sendiherra Breta í Danmörku, Sir Charles Marling, en auk hans sátu í nefndinni franskir sendiherrarnir Paul Claudel, Norðmaðurinn Thomas Thomassen Heftye og Svíinn Oscar von Sydow. Gert hafði verið ráð fyrir því að Bandaríkin ættu einnig fulltrúa í nefndinni en þar sem Bandaríkjaþing staðfesti ekki Versalásamninginn<sup>68</sup> varð ekki af því.

Nefnd þessi ákvað að rétt væri að láta atkvæðagreiðslu fara fram í allri Slésvík, á þremur svæðum. Þjóðréttarfræðingar voru kallaðir til sem fara áttu yfir tillögur nefndarinnar og gerðu á þeim þá mikilvægu breytingu að í stað þess að einungis fólk sem búsett var í Slésvík gæti tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefðu allir sem þar hefðu fæðst kosningarrétt, án tillits til búsetu.

Ástæða þess að gert var ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu í allri Slésvík var að fulltrúar Frakka höfðu beitt áhrifum sínum til að knýja fram þá niðurstöðu, en þeir voru í hefndarhug gagnvart Þjóðverjum og leituðu allra leiða til að þrengja þýsku landamærin eins og kostur var á. Ráðagerðirnar voru dönskum stjórnvöldum hins vegar alls ekki að skapi, þvert á móti óttuðust þau að bágborið efnahagsástand í Slésvík, meinsemdir af völdum nýafstaðinnar styrjaldar og ótryggt stjórn málaástand í Þýskalandi gætu orðið til þess að meiri hluti kjósenda í syðsta hluta hins forna hertogadæmis kynni að vilja tilheyra Danmörku fremur en Þýskalandi enda þótt þeir væru ekki danskir í neinum skilningi. Ríkisstjórn Danmerkur vildi halda sig við það í lengstu lög að eigin skilgreining íbúanna á þjóðerni yrði látin ráða landamærunum og fulltrúar þriggja stjórnmalaflokka á danska þinginu samþykktu ályktun til friðarráðstefnunnar þar sem stefna danskra stjórnvalda var áréttuð og andmælt þeirri ákvörðun að Suður-Slésvíkingar greiddu einnig atkvæði um landamærin. Andmælin höfðu áhrif; fulltrúar Bretlands og Bandaríkjanna á friðarráðstefnunni féllust á sjónarmið Dana og að endingu fór þjóðaratkvæðagreiðslan einungis fram á tveimur svæðum, Norður-Slésvík og Mið-Slésvík.

Áformin um þjóðaratkvæðagreiðslu um landamærin milli Danmerkur og Þýskalands voru að vonum talsvert ágreiningsefni, bæði í Danmörku og í Slésvík. Þýskum stjórnvöldum hafði ekki verið gefinn kostur á aðild að málinu og mörgum þýksinnuðum Slésvíkingum þótti sem skilmálarnir væru ógn við hagsmuni og framtíð Þýskalands og bæru vott um allt of mikla undanlátssemi við Dani. Heyrðust allvíða meðal þeirra raddir um að réttast væri að hafa niðurstöðu væntanlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu að engu. Að einhverju leyti beindust andmæli þýsku Slésvíkinganna líka að Versalasarminningnum í heild sinni, en hann var allt frá upphafi illa séður í meðal Þjóðverja.

Danmerkur megin landamæra geisuðu einnig deilur um landamæramálið sem urðu flokkspólítískari en þær höfðu áður verið við það að H. P. Hanssen gerðist ráðherra Suður-Jótlandsmála í dönsku ríkisstjórninni. Vandfundinn var einstaklingur með víðfeðmari þekkingu á málefnum þessa svæðis en Hanssen og ráðherradómur hans átti að sýna umheiminum að dönsk stjórnvöld létu sér annt um Suður-Jótland en félagar hans í stjórnmalaflokknum Venstre þoldu honum það illa að hann gekk til liðs við ríkisstjórn Radikale Venstre. Sótt var að Hanssen í höfuðvígi hans, kjósendasamtökum Norður-Slésvíkur, og þótt honum tækist naumlega að verja stöðu sína þar sættu hann og fylgismenn hans miklu ámæli fyrir þá stefnu að einungis þau svæði þar sem danskinnað fólk væri í meiri hluta ættu að verða hluti Danmerkur. Einkum voru það meðlimir Flensborgarhreyfingarinnar sem deildu á stefnu Hanssens, en þeim var mjög í mun að Flensborg yrði dönsk á ný enda þótt vitað væri að þar væri meiri hluti íbúanna þýskumælandi og þýksinnaður.

Hvað sem leið ágreiningi um framtíðarlandamæri Þýskalands og Danmerkur hafði ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslu verið tekin og hlotið staðfestingu í Versalasarminningnum og undirbúningur hennar hlaut að hefjast.

Það var 10. janúar 1920 sem CIS tók stjórnina í Norður- og Mið-Slésvík og hóf að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðsluna. Her og lögreglu Þýskalands var skipað að halda á brott og á vettvang kom um 3.000 manna breskt og franskt herlið sem hafði það hlutverk að halda uppi lögum og reglu uns þjóðaratkvæðagreiðslan væri afstaðin og úrslit fengin. Danskinnaðir Slésvíkingar tóku herliðinu vel og litu á það sem frelsandi afl en Þjóðverjum stóð hinn mesti stuggur af veru þess í landinu. Þýskum embættismönnum var gert að hverfa úr starfi og CIS skipaði eftirmenn þeirra. Sérstökum dómstól var einnig komið á fót til að dæma í málum sem risu vegna brota á tilskipunum CIS.

Ákveðið hafði verið að 10. febrúar 1920 yrði kjördagur í Norður-Slésvík en 14. mars í Mið-Slésvík. Jafnskjótt og CIS hafði tekið við stjórnartaumunum hófst undirbúningur þjóðaratkvæðagreiðslunnar og jafnframt umfangsmikill og tilfinningaþrunginn áróður beggja fylkinga, þeirrar dönsku og hinnar þýsku.<sup>69</sup> Það setti allmikinn svip á kosningaundirbúninginn að fólk sem fætt var fyrir 1. janúar 1900 á þeim svæðum í Slésvík sem þjóðaratkvæðagreiðslan náði til, hafði búið þar, eða verið gert brottrækt þaðan af þýskum yfirvöldum, hafði rétt til að taka þátt í henni. Mikil smölun hófst, bæði meðal Dana og Þjóðverja, og kallaðir voru á vettvang brottfluttir Slésvíkingar sem flestir komu frá Danmörku eða öðrum hlutum Þýskalands en aðrir lengra að, jafnvel alla leið frá Vesturheimi. Sumt af þessu fólki hafði ekki komið á þessar slóðir árum eða áratugum saman, hafði aldrei dvalið þar á fullorðinsárum og stefndi alls ekki að því að flytjast þangað. Þegar allt kom til alls breyttu þó atkvæði þessa hóps engu um úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar.<sup>70</sup>

Þátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Norður-Slésvík var mjög mikil, 91,5%. Í ljós kom að 74,9% kusu að tilheyra Danmörku en 25,1% vildu halda þýsku ríkisfangi og búa innan landamæra Þýskalands. Fleiri vildu tilheyra Þýskalandi en Danmörku í þéttbýlisstöðunum Tønder, Aabenraa og Sønderborg, en þar sem samþykkt hafði verið að meiri hluti atkvæða á svæðinu öllu skyldi ráða urðu þessir bæir einnig danskir.

Þátttakan í þjóðaratkvæðagreiðslunni 14. mars 1920 var einnig mikil, 91,1%. Hér varð niðurstaðan sú að 80,2% kjósenda vildu tilheyra Þýskalandi en 19,8% Danmörku.<sup>71</sup> Í Flensborg, fjölmennasta þéttbýlisstaðnum, kusu einungis 24,8% kjósenda að gerast danskir ríkisborgarar og olli þetta hlutfall vonbrigðum meðal þeirra sem höfðu stutt málstað Flensborgarhreyfingarinnar og lagt mikið kapp á að borgin yrði dönsk á ný.

## Lokasennan

Þegar úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar lágu fyrir tóku CIS-fulltrúarnir að vinna úr niðurstöðum hennar og hinn 15. júní 1920 afhentu fulltrúar friðarráðstefnunnar í París sendiherra Dana ítarlega lýsingu á landamærunum og jafnframt tóku dönsk stjórnvöld við landsvæðinu í Norður-Slésvík sem upp frá þessu hét Suður-Jótland. Er 15. júní því talinn hinn formlegi sameiningardagur.<sup>72</sup> Bandamenn afhentu þó ekki fullveldisrétt yfir landsvæðinu fyrr

en með samningi sem gerður var 5. júlí. Dönsk lög giltu því ekki á Suður-Jótlendi fyrr en eftir þann tíma og konungur gat ekki komið þangað fyrr sem Þjóðhöfðingi.

Segja má að niðurstaðan væri Dönnum hagfelld því að aðeins þau svæði þar sem Þjóðverjar voru 75% eða fleiri voru þýsk sem fyrr. Endanleg landamæri urðu nálægt Clausen-línunni sem hafði verið miðað við í Aabenraa-yfirlýsingunni haustið 1918. Sjónarmið þeirra sem vildu miða landamæri við Þjóðerni eða Þjóðernistilfinningu höfðu því orðið ofan á og lýðræðislegri aðferð hafði verið beitt til að kalla niðurstöðuna fram. Fullkomlega skýr gátu skilin auðvitað ekki orðið, svo blönduð sem búseta Þjóðverja og Dana var í Slésvík, en útkoman fól það í sér að ekki höfðu myndast verulega fjölmennir Þjóðernisminnihlutahópar við skiptinguna.

Í öllum aðalatriðum höfðu málalyktir orðið í samræmi við þá stefnu sem meiri hluti danska þingsins hafði samþykkt og kom einnig fram í Aabenraa-yfirlýsingunni. Því mátti ætla að fengin væri niðurstaða sem meiri hluti Dana og Suður-Jóta felldi sig við og líklegt er að svo hafi verið þótt hin pólitíska atburðarás sem varð í framhaldi af Þjóðaratkvæðagreiðslunni gæfi annað til kynna. Stuðningsmenn Flensborgarhreyfingarinnar áttu afar erfitt með að setta sig við það að borgin yrði ekki dönsk á ný og annar hópur, talsvert fámennari, eygði sögulegt tækifæri til að koma Egðustefnunni fram í ljósi þess að Þýskaland kom fáum vörnum við þegar skilmálar voru settir á friðarráðstefnunni í París.

Sjónarmið Flensborgarhreyfingarinnar nutu stuðnings meðal áhrifamikilla atvinnurekenda og fjármálamanna sem áttu greiðan aðgang að Kristjáni X. Danakonungi, sem sjálfur átti erfitt með að setta sig við að Flensborg yrði áfram utan landamæra Danmerkur.

Meginstefna þeirra sem ekki vildu ljúka landamæramálinu með því að fallast á niðurstöðu Þjóðaratkvæðagreiðslunnar var að setja ætti Mið-Slésvík undir alþjóðlega stjórn um nokkurt árabíl og láta síðan fara fram atkvæðagreiðslu um það hvoru ríkinu íbúarnir vildu tilheyra, Danmörku eða Þýskalandi. Síkir skilmálar höfðu verið settir á friðarráðstefnunni í París fyrir hið þýska Saar-hérað sem var undir stjórn Þjóðabandalagsins um 15 ára skeið en Frökkum veittur réttur til að nýta þar kola- og járngrýtisnámur.<sup>73</sup> Ekki var gert ráð fyrir slíkri tilhögun hvað Slésvík snerti og H. P. Hanssen og aðrir forystumenn sem þegar höfðu fallist á að hlíta niðurstöðu Þjóðaratkvæðagreiðslunnar höfnuðu framangreindum hugmyndum eindregið.

Andstæðingum þess að ljúka landamæramálinu á grundvelli úrslitanna úr Þjóðaratkvæðagreiðslunni var það vel ljóst að ríkisstjórn C. Th. Zahle myndi ekki breyta stefnu sinni og taka upp viðræður við fulltrúa bandamanna á friðarráðstefnunni um ný landamæri í Slésvík eða aðra tilhögun en þá sem þegar hafði verið ákveðin. Ætti einhver hreyfing að komast á málið sem stefndi því í aðra átt yrði að koma ríkisstjórninni frá völdum. Stjórnarandstæðingar vildu freista þess að knýja fram kosningar í þeirri von að þær myndu skila nægilega mörgum andstæðingum hinnar nýju landamæralínu inn á þing til þess að samstaða gæti skapast um að gera kröfur um breytingar á skilmálum Versalasalninganna en náðu ekki þessu markmiði sínu. Ríkisstjórn C. Th. Zahle hélt sig við stefnu sína og undir páska árið 1920 lét utanríkisráðherra hennar þau boð ganga til sendiherra Danmerkur í París, Lundúnum og Berlín að ekki kæmi til mála að Danmörk tæki við Mið-Slésvík með um 100.000 Þjóðverjum.

Þegar fyrir lá að ríkisstjórnin væri ekki til viðræðu um að taka við Mið-Slésvík, jafnvel þótt það yrði í boði, ákváðu andstæðingar hennar að láta sverfa til stáls. Einn helsti ráðgjafi Kristjáns X., auðmaðurinn H. N. Andersen,<sup>74</sup> sem hafði tapað ærnum fjárhæðum, aðstöðu og viðskiptasamböndum við stjórnarbyltinguna í Rússlandi, hafði lagt mikið fé í fyrirtæki á Suður-Jótlendi sem áttu að verða styrk stoð í veldi hans. Hann sá tækifæri í því fyrir starfsemi sína að þvinga fram breytta stefnu í landamæramálinu og var meðal þeirra sem sannfærðu konunginn um að nauðsynlegt væri að ríkisstjórnin færi frá hið fyrsta.

Löggjafarþingið fór í páskaleyfi. Landamæramálið og fleiri djúprætt deilumál höfðu orðið til þess að fylkingar þingmanna í stjórnarliði og stjórnarandstöðu höfðu gengið nokkuð til og riðlast svo að vafi gat leikið á um þingmeirihlutann rétt um það bil sem páskahléið hófst. Forysta stjórnarandstöðuflokkanna kallaði því opinberlega eftir þingkosningum jafnskjótt og hlé hafði verið gert á þingstörfum og á fundi konungs og forsætisráðherra hinn 29. mars fór konungur fram á að boðað yrði til kosninga. Zahle forsætisráðherra neitaði að verða við því, enda eindreginn þingræðissinni, og leit svo á að þingið væri eini vettvangurinn fyrir slíkar ákvarðanir. Til orðahnippinga kom sem enduðu með því að konungur setti ráðuneyti Zahles af. Daginn eftir tók við starfsstjórn, leidd af lögmanni konungs, Otto Liebe,<sup>75</sup> en þá hafði Danmörk verið án ríkisstjórnar í tæpan sólarhring því að í öllu uppnáminu hafði konungi láðst að fara fram á það við ráðuneyti Zahles að það gegndi störfum uns ný ríkisstjórn tæki við. Síðan komu embættismenn því í kring að það var gert en þá höfnuðu ráðherrarnir fráfarandi beiðninni.

Enn einu sinni höfðu málefni Slésvíkur orðið tilefni stórtíðinda í dönsku samfélagi. Ráðstafanir konungs gengu þvert gegn þingræðisskipulaginu sem hafði komist á í Danmörku árið 1901 sem stjórnskipunarvenja en ekki verið innleitt í stjórn lög ríkisins.<sup>76</sup> Brot þjóðhöfðingjans á þingræðisreglunni vakti að vonum hörð viðbrögð, ekki síst meðal sósíaldemókrata, sem ásökuðu konunginn um valdarán og gáfu sterklega í skyn að því yrði mætt með allsherjarverkfalli. Þar sem langvarandi kjaradeilur höfðu staðið milli samtaka launafólks og atvinnurekenda var hreyfing verkafólks vel skipulögð og líkleg til að geta gripið til harðra aðgerða með skömmum fyrirvara. Thorvald Stauning, leiðtogi sósíaldemókrata, krafðist þess að fyrri ríkisstjórn yrði sett til valda á ný en Kaupmannahafnarbúar flyktust á hallartorgið við Amaliuborg til að hrópa konung niður og krefjast lýðveldis.

Mótmælin voru víðtæk og að lokum sáu konungur og ráðgjafar hans sitt óvænna. Ráðuneyti Liebes lögmanns var leyst upp, aðeins vikugamalt, eftir að konungur hafði staðið í samningaviðræðum við forystumenn stjórn málaflökkanna og við tók ný starfsstjórn sem þingmenn gátu þolað þar til þingkosningar hefðu farið fram. Þingræði hafði verið komið á að nýju í Danmörku.

## Sameining – endursameining

Eftir þingkosningarnar vorið 1920 komst til valda ríkisstjórn sem skipuð var ráðherrum úr stjórn málaflökknum Venstre.<sup>77</sup> Forystumenn í hreyfingu danskinnaðra íbúa í Mið-Slésvík freistuðu þess enn að halda lífi í hugmyndinni um alþjóðlega stjórn þar og stóðu fyrir undirskriftasöfnun í því skyni að þrýsta á hina nýju ríkisstjórn að fylgja henni eftir á friðarráðstefnunni í París.

Um 22.000 manns lýstu sig samþykka þessari stefnu og sendinefnd úr Mið-Slésvík hélt til Parísar til að vinna að málinu og naut hún stuðnings danskra stjórnvalda. Þar kom í ljós — og kom fáum í opna skjöldu — að fulltrúar Breta voru með öllu andsnúnir málaleitunum Slésvíkinga og vildu umfram allt ljúka málinu í samræmi við fyrri ákvarðanir. Þegar þetta lá fyrir, snemma í maí 1920, ákvað Niels Neergaard forsætisráðherra að láta sitja við svo búið; engar frekari kröfur eða umleitanir um landamæri í Slésvík yrðu gerðar af hálfu danskra stjórnvalda. Flensborgarmenn og aðrir sem ekki vildu hlíta hinni lýðræðislega fengnu niðurstöðu úr þjóðaratkvæðagreiðslunni höfðu beðið endanlegan ósigur.

Eftir að Danmörk hafði öðlast fullveldisrétt yfir Suður-Jótlandi gat konungurinn komið þangað sem þjóðhöfðingi og ekkert því til fyrirstöðu lengur að unnt væri að fagna þeim merka viðburði þegar Norður-Slésvík — eða Suður-Jótland — sameinaðist — eða endursameinaðist — móðurlandinu. Konungur hélt innreið sína 10. júlí með mikilli viðhöfn og var vel tekið. Þennan dag og þá næstu, þegar hann sótti fagnaðarhátíð í Dybbøl og fór um sveitir Suður-Jótlands að fagna nýjum Dönnum, endurheimti Kristján X. talsvert af þeim vinsældum og álitum sem hann hafði glatað í fárinu sem hann olli um páskana.

Hin nýja landamæraskipan þýddi að Danmörk stækkaði að flatarmáli um rúmlega 4.000 ferkílómetra og landsmönnum fjölgaði um 160.000. Þar af voru um 30.000 þýsksinnaðir og um 10.000 danskinnaðir Slésvíkingar sem urðu að láta sér lynda að búa sunnan landamæralínunnar.

## Heimildir

### Rit

Buk-Swienty, Tom: *Slagtebænk Dybbøl*. Gyldendal. København 2008.

Busck, Jens Gunni: *Christian 9. og dronning Louise. Europas svigerforældre*. Kongernes Samling og Historika / Gads Forlag A/S. København 2016.

Busck, Jens Gunni: *Frederik 7. Grundlovens giver*. Kongernes Samling og Historika / Gads Forlag A/S. København 2017.

Christensen, Jens Ole; Adriansen, Inge: *Anden Slesvigske Krig 1864. Forhistorie, forløb og følger*. Museum Sønderjylland – Sønderborg Slot og Tøjhusmuseet 2013.

*Danmark og kolonierne. Danmark. En kolonimagt*. København 2017.

Dehn-Nielsen, Henning: *Christian 7. Den gale konge*. Lindhardt og Ringhof Forlag A/S. København 2016.

*Die Verteilung der Welt. Selbstbestimmung und das Selbstbestimmungsrecht der Völker*. Herausgegeben von Jörg Fisch unter Mitarbeit von Elisabeth Müller-Luckner. München 2011.



- Fink, Troels: *Da Sønderjylland blev delt 1918–1920*. I–III. Institut for grænseregionsforskning. Tønder 1978–1979.
- Hansen, Hans Schultz: *Genforeningen*. Aarhus Universitetsforlag. Aarhus 2019.
- Noack, Johan Peter: *Da Danmark blev Danmark. Fortællinger af forhistorien til 1864*. Gyldendal. København 2014.
- Petersen, Marco L.: *Sønderjylland – Schleswig. Kolonial. Kolonialismens kulturelle arv i regionen mellem Kongeåen og Ejderen. Das kulturelle Erbe des Kolonialismus in der Region zwischen Eider und Königsau*. Syddansk Universitetsforlag. Odense 2018.
- Qvotrup, Matt: „Referendums on Independence, 1860–2011“. *The Political Quarterly*. Vol 85:1. (2014), bls. 57–64.
- Scocoza, Benito; Jensen Grethe: *Politikens etbinds Danmarkshistorie*. Politikens Forlagshus. København 2004.
- Sverrir Kristjánsson: „Skjöl um skipti á Íslandi og Norður-Slésvík árið 1864“. *Andvari* 1964, bls. 62–74.

## Vefsíður

- [Bundeszentrale für politische Bildung: Der Erste Weltkrieg.](#)
- [Danevirke Museum.](#)
- [Den Slesvigske Samling. Dansk Centralbibliotek for Sydslesvig.](#)
- [Den Sønderjyske Historiekanon.](#)
- [Deutscher Bundestag: Kaiserreich \(1871–1918\).](#)
- [Fra Rigsarkivets hylder. Genforeningen 1920.](#)
- [Genforeningen 2020.](#)
- [Gesellschaft für Schleswig-Holsteinische Geschichte.](#)
- [Grænseforeningen.](#)
- [Historiecenter Dybbøl Banke 1864.](#)
- [Interaktivt danmarkskort. Danske riger og lande efter år 1532.](#)
- [Kulturministeriet. Sydslesvig og tilknytningen til Danmark år 800–1920.](#)
- [LEMO. Lebendiges Museum Online.](#)
- [Lernzeit.de Die Preußen-Chronik.](#)
- [Museuminsel Schloss Gottorf.](#)
- [Planet Wissen. Kaufmann, Sabine: „Preußen“.](#)
- [På Grænsen af Grænser. Folkeafstemning og Grænsen 1920. Det Danske Mindretal i Sydslesvig.](#)
- [Schleswig-Holstein - deutsch-dänische Geschichte.](#)
- [Spiegel. Daten preußischer Geschichte.](#)
- [Wikinger Museum Haithabu.](#)

## Tilvísanir

- <sup>1</sup> [Fejring af genforeningen og dronningens rundtur i Sønderjylland er aflyst](#). Danmarks Radio, 7. april 2020.
- <sup>2</sup> „Christian 10. besøger Sønderjylland“. [Genforeningen 2020](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>3</sup> „Genforening, afståelse eller deling“. [Genforeningen 2020](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>4</sup> Harhof, Frederik: „Rigsfællesskabet“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>5</sup> Gunnar Þór Bjarnason: „Af hverju vildu dönsk yfirvöld veita Íslendingum fullveldi?“ [Vísindavefurinn](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>6</sup> Steine, Bjørn Arne: „Folkeavstemningen om unionsopløsning i 1905“. [Norgeshistorie. Fra steinalderen til i dag](#). Fortalt av fagfolk. Universitetet i Oslo. Sótt 26. maí 2020.
- <sup>7</sup> Gøbel, Erik; Nielsen, Per: „Dansk Vestindien“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 26. maí 2020. – Rasmussen, Hanne; Hvidt, Kristian: „Danmarks Riges Grundlov“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>8</sup> Jensen, Gert; Stræde, Therkel: „Lauenburg“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 26. maí 2020. – „Lauenburg“. [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Gesichte](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>9</sup> Bregnsbo, Michael: „Freden i Kiel 14. januar 1814“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 22. maí 2020. – Mardal, Magnus A.: „Kieltraktaten“. [Store norske leksikon](#). Sótt 22. maí 2020. – „Treaty of Kiel“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020.

- 
- <sup>10</sup> „Napoleonic Wars“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020. – „Napoleonische Kriege“. [Gesichte Kompakt](#). Sótt 22. maí 2020. – Høffding, Niels: „Revolutions- og Napoleonskrigene“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>11</sup> „Danevirke“. [Grænseforeningen. Leksikon](#). Sótt 22. maí 2020. – „Danewerk“. [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Geshichte](#). Sótt 22. maí 2020. – Andersen, Hellmuth H.: „Danevirke – voldkompleks“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>12</sup> Wiener, James Blake: „Hedeby“. [Ancient History Encyclopedia](#). Sótt 29. maí 2020. – Rindom, Malene: „Hedeby“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 29. maí 2020.
- <sup>13</sup> „De danske konger som hertuger af Slesvig og Holsten 1460–1864“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>14</sup> „Ribebrevet“. [Grænseforeningen. Leksikon](#). Sótt 22. maí 2020. – „Der Vertrag von Ripen 1460“. [Damals.de](#). Sótt 22. maí 2020. – „Privileg von Ripen“. [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Geschichte](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>15</sup> „Heiliges Römisches Reich“. [Historisches Lexikon der Schweiz](#). Sótt 26. maí 2020. – Barraclough, Geoffrey: „Holy Roman Empire“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>16</sup> „Battle of Austerlitz“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020. – Seewald, Berthold: „Diese Schlacht vernichtete das Heilige Römische Reich“. [Welt](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>17</sup> „Der Deutsche Bund“. LEMO. [Lebendiges Museum Online](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>18</sup> „Ein Schloss mit einer wechselvollen Geschichte“. [Museuminsel Schloss Gottorf](#). Sótt 22. maí 2020. – „Hertugerne af Gottorp, 1544–1773“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>19</sup> Lind, Gunner E.: „Store Nordiske Krig“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020. – „Second Northern War“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020. – Mardal, Magnus A.: „Den store nordiske krig“. [Store norske leksikon](#). Sótt 22. maí 2020. – „Der Große Nordische Krieg in Schleswig-Holstein.“ [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Gersichte](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>20</sup> „Peter III. Emperor of Russia“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 27. maí 2020. – „Peter 3“. [Store norske leksikon](#). Sótt 27. maí 2020.
- <sup>21</sup> „Oldenbourg-Idalie, Zoé: „Catherine the Great. Empress of Russia“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>22</sup> Feldbæk, Ole: „Neutralitetsprincipperne“. [Danmarkshistorien lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>23</sup> „Helstaten“. [Grænseforeningen. Leksikon](#). Sótt 22. maí 2020. – Bjørn, Claus: „Helstaten“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020. – „Gesamtstaat“. [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Gesichte](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>24</sup> „Karl XIV Johan (1763–1844)“. [Sveriges Kungahus](#). Sótt 27. maí 2020. – Mardal, Magnus A.: „Karl Johan“. [Store norske leksikon](#). Sótt 27. maí 2020.
- <sup>25</sup> „Uwe Jens Lornsen“. [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Geschichte](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>26</sup> Carstensen, Martin Ø.: „Stænderforsamlingerne 1834–1848“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 22. maí 2020. – „Stænderversammlungen“. [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Geschichte](#). Sótt 22. maí 2020. – „Stænderversammlung“. [Historisches Lexikon der Schweiz](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>27</sup> Gisle, Jon: „Grunnloven“. [Store norske leksikon](#). Sótt 22. maí 2020. – de Amoriza, Silje Een og Mardal, Magnus A.: „Riksforsamlingen på Eidsvoll 1814“. [Store norske leksikon](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>28</sup> „Lehmann, Orla, 1810–1870, politiker“. [Grænseforeningen](#). – Jensen, Hans; Larsen, Helge: „Orla Lehmann“. [Dansk biografisk leksikon på lex.dk](#). Sótt 8. júní 2020.
- <sup>29</sup> „Orla Lehmanns tale 'Danmark til Ejderen', 28. maj 1842“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 8. júní 2020.
- <sup>30</sup> Jørgensen, Claus Møller: „Nationalliberalisme, 1840–1880“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>31</sup> Hansen, Hans Schultz: „Ejderpolitik“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020. – „Ejderpolitik“. [Grænseforeningen. Leksikon](#). Sótt 22. maí 2020. – „Eiderdänen / Eiderpolitik“. [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Geschichte](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>32</sup> Bonderup, Gerda: „Bondevenerne“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>33</sup> „Frederik 7.“ [Kongernes Samling](#). Sótt 22. maí 2020. – „Frederik 7., 1808–1863“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>34</sup> Stöber, Birgit; Mygind, Finn; Jensen, Gert: „Oldenburg (Neidersachsen)“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 28. maí 2020.
- <sup>35</sup> „Rendsburg“. [Gesellschaft Für Schleswig-Holsteinische Geschichte](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>36</sup> Bregnsbo, Michael: „Frederik – prins af Slesvig-Holsten-Sønderborg-Augustenburg“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020. – Prinsen af Nør, Frederik Emil August, 1800–1865“. [Grænseforeningen. Leksikon](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>37</sup> Garde, Peter; Hetz, Michael; Hillingsø, Kjeld: „Værnepligt“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>38</sup> „Londontraktaten, 8. maj 1852“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 26. maí 2020.
- <sup>39</sup> „Dronning Louise“. [Kongernes Samling](#). Sótt 22. maí 2020.
- <sup>40</sup> Jensen, Anna: „Glücksborgernes vej til tronen i 1863“. [Danmarkshistorien dk](#). Sótt 22. maí 2020.

- 
- 41 „Crimean War“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020. – Petersen, Thomas: „Krimkrigen“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 26. maí 2020.
- 42 Mygind, Finn: „Otto von Bismarck“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020. – „Otto von Bismarck“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020. – „Otto von Bismarck 1815–1898“. [LEMO. Lebendiges Museum Online](#). Sótt 22. maí 2020.
- 43 „Novemberforfatningen, 18. november 1863“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 8. júní 2020.
- 44 Rockstroh, K. C.: „Christian de Meza“. [Dansk Biografisk Leksikon på lex.dk](#). Sótt 29. maí 2020.
- 45 Brimnes, Niels: „De Vestindiske Øer, 1672–1917“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- 46 „Napoleon III“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020. – Prebensen, Henrik: „Napoleon 3.“ [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- 47 Hansen, Hans Schultz: „Optantkonventionen“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- 48 „Nordslesvigsk Vælgerforening“. [Grænseforeningen. Leksikon](#). Sótt 22. maí 2020.
- 49 Christensen, Steffen Lind: „H.P. Hanssen, 1862–1936“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 22. maí 2020. – „Hanssen, H.P., 1862–1936, redaktør, politiker“. [Grænseforeningen. Leksikon](#). Sótt 22. maí 2020.
- 50 „Køller-politikken“. [Grænseforeningen](#). Sótt 8. júní 2020.
- 51 „Der Erste Weltkrieg – Überblick“. [Landeszentrale für politische Bildung Baden-Württemberg](#). Sótt 22. maí 2020.
- 52 Johansen, Anders Hjorth: „1. verdenskrig og Danmark 1914–1918“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- 53 „Woodrow Wilson“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020.
- 54 „Fourteen Points“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 22. maí 2020.
- 55 „Der Versailler Vertrag“. [LEMO. Lebendiges Museum Online](#). Sótt 22. maí 2020. „Versailler Vertrag“. [Deutsche Geschichten](#). Sótt 22. maí 2020.
- 56 [Die Verteilung der Welt. Selbstbestimmung und das Selbstbestimmungsrecht der Völker](#), bls. 114.
- 57 Jørgensen, Erik Stig: „Aage Friis“. [Dansk biografisk leksikon på lex.dk](#). Sótt 25. maí 2020.
- 58 Bjørn, Claus: „C.Th. Zahle“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 25. maí 2020.
- 59 Olesen, Niels Wium: „Erik Scavenius, 1877–1962“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 22. maí 2020.
- 60 Petersen, Klaus Tholstrup: „Dannevirke-bevægelsen og Flensborg-retningen, 1918–20“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 25. maí 2020.
- 61 Hansen, Hans Schultz: „Vælgerforeningen for Nordslesvig“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 27. maí 2020.
- 62 „1918 Aabenraa-resolutionen af 17. november“. [Grænseforeningen](#). Sótt 27. maí 2020.
- 63 „Clausen, H.V., 1861–1937, lektor, historiker og sprogforsker“. [Grænseforeningen](#). Sótt 28. maí 2020.
- 64 „Clausen-linjen“. [Grænseforeningen](#). Sótt 28. maí 2020.
- 65 Rerup, Lorenz: „H.A. Bernhoft“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 28. maí 2020.
- 66 Hvidt, Kristian: „Niels Neergaard“. [Den Store Danske på lex.dk](#). Sótt 28. maí 2020.
- 67 Petersen, Klaus Tholstrup: „Den Internationale Kommission (CIS) i Slesvig, 1919–20“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 28. maí 2020.
- 68 „Treaty of Versailles“. [The Library of Congress](#). Sótt 29. maí 2020.
- 69 „Valgplakater og propaganda ved folkeafstemningen i Mellemslesvig i 1920“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 29. maí 2020.
- 70 Petersen, Klaus Tholstrup: „Afstemningskampen op til folkeafstemningen i Mellemslesvig 14. marts 1920“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 29. maí 2020. – „Afstemningerne 10. februar og 14. marts og resultatet“. [Genforeningen 2020](#). Sótt 29. maí 2020.
- 71 „Afstemmingskort“. [Det Danske Mindretal i Sydslesvig](#). Sótt 29. maí 2020.
- 72 „Genforeningsdag“. [Grænseforeningen](#). Sótt 3. júní 2020.
- 73 „Saarland“. [Encyclopædia Britannica](#). Sótt 5. júní 2020.
- 74 Fraenkel, A; Dybdahl, Vagn: „H.N. Andersen“. [Dansk biografisk leksikon på lex.dk](#). Sótt 5. júní 2020.
- 75 „[Regeringen Liebe](#)“. Sótt 5. júní 2020.
- 76 Petersen, Erik Strange: „Systemskiftet 1901“. [Danmarkshistorien.dk](#). Sótt 5. júní 2020.
- 77 [Regeringen Neergaard II](#). Sótt 5. júní 2020.